



# FRÉTTABLAÐIÐ



Mótmælendur fjölmenntu fyrir framan rússneska sendiráðið á Túngötu í Reykjavík í gær til að mótmæla innrás Rússa í Úkraínu, líkt og gert hefur verið víða um heim.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR AF

## Þjóðir heims fordæma stríð Vladímírs Pútíns

Forsætisráðherra, Bandaríkjaforseti og fleiri fordæma þá ákvörðun Rússlandsforseta að ráðast inn í Úkraínu.

arib@frettabladid.is

**ÚKRAÍNA** „Pútín hefur ráðist á grundvöll alþjóðafriðar. Allur heimurinn sér núna hvað Pútín og bandamenn hans standa fyrir,“ sagði Joe Biden Bandaríkjaforseti í ávarpi sínu í gær í kjölfar innrásar Rússa í Úkraínu.

„Hernaður Pútíns gegn Úkraínu

mun verða Rússlandi dýrkeyptur, bæði efnahagslega og í samskiptum við aðrar þjóðir. Við munum sjá til þess. Pútín verður úrhrak á alþjóðavettvangi.“

Vladímír Pútín Rússlandsforseti tilkynnti um hernaðaraðgerðir í austurhluta Úkraínu í fyrrinótt og bar fyrir sig að hann væri að afvopna og afnasistavæða landið, hann ætlaði sér ekki að hernaða það.

Staðfest er að hátt í 60 hafi látist og 200 særst eftir árásir Rússa. Úkraínumenn höfðu í gær skotið

niður fimm flugvélar og þyrllu. Ráðist var á 70 skotmörk í Úkraínu í gær.

Helstu átökin voru í austurhluta landsins en einnig hafa borist fregnir af skærum nærri Kænugarði og hafnarborgunum Odessa og Mariupol. Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna telur að meira en hundrað þúsund hafi flúið heimili sín vegna átakanna, þung umferð var í vesturátt frá Kænugarði í gær.

„Þetta er skýrt brot á alþjóðalögum og á sér enga réttlætningu,“

segir Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra.

Jens Stoltenberg, framkvæmdastjóri Atlantshafsbandalagsins, sagði að varnarmálaáætlun hefði verið virkjuð.

Boris Johnson, forsætisráðherra Bretlands, tók í sama streng og Biden og lagði mikla áherslu á harðar efnahagsaðgerðir, fór hann hörðum orðum um Pútín í ávarpi.

Kinverjar hafa ekki fordæmt aðgerðir Rússa en kallað eftir að allir aðilar sýni stillingu í viðbrögðum sínum.

Mikhail V. Noskov, sendiherra Rússlands á Íslandi, segir markmiðið eingöngu að vernda héruðin Donetsk og Lúhansk sem hafa lýst yfir sjálfstæði.

Stjórnmalaskýrendur telja tilgang Pútíns með innrásinni margþættan.

Innrás Rússa í Úkraínu getur valdið verðfalli á fasteigna- og skuldabréfamörkuðum víða um lönd.

Framferði Rússa var mótmælt víða um heim í gær, þar á meðal hér á landi.

SJÁ SÍÐUR 2, 6 OG 8

## Virðisaukinn er farinn út í bláinn!

Við fellum niður 480.000 kr. VSK frá áramótum!\*

Notaðu þetta frábæra tækifæri og fáðu þér vel útbúinn fjórhjóladrifinn Eclipse Cross PHEV tengiltvinnbíl með öllum þeim kostum sem hugurinn girnist – og meira til.

**HEKLA** · Laugavegi 170-174 · mitsubishi.is/eclipse

\*Á sjálfsgöðu greiðir Hekla öll gjöld og virðisaukaskatt af bílum til Ríkissjóðs. 480.000 kr. lækkunin á Mitsubishi Eclipse Cross er alfarið á kostnað Heklu.



## Prentkostnaður hækkar áfram

tsh@frettabladid.is

**NEYTENDUR** Búist er við frekari hækkunum á pappirs- og prentkostnaði á árinu.

„Áður var þetta þannig að menn voru í viðræðum um verðhækkanir en nú orðið er þetta bara tilkynnt fyrirvaralaust,“ segir Eyþór Páll Hauksson, framkvæmdastjóri Prentmiðlunar og einn eigandi Umbúðagerðarinnar.



Eyþór Páll Hauksson, framkvæmdastjóri Prentmiðlunar

Prentmiðlun prentar flestar sínar bækur í Lettlandi. Að sögn Eyþórs tekur vanalega um fjórar til fimm vikur að afgreiða pantanir. Einn birgir hans segist nú ekki taka við pöntunum fyrr en í apríl.

Pappirsverð hækkadi mjög í fyrra, sumar tegundir á bilinu 30 til 60 prósent. Eyþór segist þó ekki búast við svo miklum hækkunum í ár.

„Það hafa svo sem allir áhyggjur og líst ekki á blikuna. En ég held að fólk almennt reikni frekar með að orkukostnaður eigi eftir að hækka,“ svarar Eyþór spurður hvort samstarfsaðilar hans í Eystrasaltslöndunum séu ugðandi yfir stöðu mála í Úkraínu. ■

## Eurovision-undirbúningur í fullum gangi



Fimm lög etja kappi í fyrri undanúrslitum Söngvakeppninnar annað kvöld, önnur fimm lög keppa viku síðar. Keppnin fer fram í gömlu áburðarverksmiðjunni í Gufunesi og var undirbúningur í fullum gangi í gær þegar ljósmyndara Fréttablaðsins bar að garði. Stefán Eiríksson, útvarpsstjóri og þekktur Eurovision-aðdáandi, lét sig ekki vanta og tók fullan þátt í undirbúningnum. Aðalkeppnin fer fram á Ítalíu dagana 10. til 14. maí.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Matarkarfan ekki hækkad í Hagkaup frá könnun ASÍ fyrir ellefu mánuðum

olafur@frettabladid.is

**NEYTENDUR** Matvælavæðing hefur hækkad um 6 prósent frá því að ASÍ gerði könnun fyrir 11 mánuðum samkvæmt netkönnun Veritabus í síðustu viku. Þetta er eins prósent meiri hækkun en orðið hefur á vísitölu neysluverðs á sama tímabili.

Óverulegar breytingar urðu á matvöruverði á tímabilinu mars til september 2021 og er því hækkunin frá því í september tæplega 6 prósent.

Verð var kannad hjá þremur verslanakeðjum sem eru með öflugar netverslanir, Hagkaup, Nettó og Krónunni, auk Heimkaupa.

Veritabus kannaði verð vörukörfu sem samanstóð af 26 vörulíðum úr öllum vöruflokkum. Karfan var valin til að endurspegla innkaup fjögurra manna fjölskyldu.



Hagkaup. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Hagkaup virðist lítið sem ekkert hafa hækkad verð síðustu 11 mánuði, en vegin hækkun verðlags á matvöru hefur verið 6 prósent.

„Við reynum að vanda okkur í því sem við erum að gera og erum ekki með nein brögð til að líta vel út í einstökum verðkönnunum,“ segir Sigurður Reynaldsson framkvæmdastjóri. Hagkaup taki ábyrgð sína gagnvart verðlagi alvarlega. ■

## Íslendingur í Úkraínu segir fólkið vera mjög óttaslegið

Íslendingur í Úkraínu íhugar að fela sig í Karpatafjöllum eftir innrás Rússa. Annar Íslendingur sem býr í landinu en hefur verið á Íslandi ætla að komast eftir krókaleiðum til Úkraínu og ná þarlandri konu sinni með sér úr landi.

tsh@frettabladid.is  
ninarichter@frettabladid.is

**ÚKRAÍNA** „Fólk er mjög óttaslegið, það þykir mjög sérstakt að þeir hafi bombað alla leiðina í Ívano,“ segir Örn Pálmason, sem hefur starfað í Úkraínu frá 2018 við framleiðslu á vörum úr endurnýttu timbri.

Örn er í litlu þorpi í vestrhluta Úkraínu, um 50 kílómetra frá borginni Ívano-Frankívsk sem var eitt skotmark eldflauga Rússa í gær.

„Af öllum innfæddum hér var alltaf rætt um að þetta svæði væri eitthvað sem Rússarnir væru ekki á höttunum eftir og myndu ekki koma nálægt af því þetta er svo nálægt Evrópu,“ segir Örn, sem er farinn að íhuga eigin stöðu.

„Mér finnst nú sennilegt að ég fari upp í Karpatafjöll sem eru hérna aðeins í burtu og haldi mig bara fjarri flugvöllum og herstöðvum. Ég held að það sé það gáfulegasta sem maður geri núna. Það eru biðradir fyrir utan banka og bara tótal panikk. Það er nú kannski ekki gáfulegt að vera að rjúka eitthvað af stað inn í það.“

Íslendingur sem búsettur er í Úkraínu en hefur verið á Íslandi undanfarið ætlaði að fljúga áleiðis til Rúmeníu í nótt sem leið og aka þaðan til Úkraínu til að sækja þarlandið eigin konu sína. Foreldrar konunnar sem búa í borginni Dnipro, þar sem árás var gerð í fyririnótt, ætla að sitja sem fastast.

„Staðan í Úkraínu núna er að unga fólkið er algjörlega að frika út.



Örn Pálmason, sem hefur starfað í Úkraínu frá 2018, segir nú algæra panikk vera í landinu.

MYND/ADSEND



Það eru biðradir fyrir utan banka og bara tótal panikk.

Örn Pálmason

Konan mín hringdi í mig grátandi í alla nótt,“ segir Íslendingurinn sem ekki vill láta nafns síns getið, í ljósi þess að hann segir tengdaforeldra sína hafa eldfimar skoðanir á málinu. „Þau yrðu skotin úti á götu ef vitað væri að þetta væri þeirra sjónarmið,“ segir hann.

Íslendingurinn segir úkraínsku

þjóðina klofna í deilunni. „Hugur margra í Úkraínu er að sitja heima hjá sér. Ákveðinir aðilar biða eftir að Úkraína verði Rússland. En unga fólkið vill fara í burtu. Meginþorri þjóðarinnar ætla að standa og berjast.“

Hann segir eigin konu sína hafa vaknað við gríðarlega sprengingu í fyririnótt. „Skotmarkið í Dnipro-petrovsk í nótt [fyririnótt] var flugvöllurinn í Dnipro, en Úkraínuher er væntanlega með herbúnað þar.

Íslendingurinn segir tengdaforeldra sína hafa sagt í mörg ár að ef Úkraína myndi halda áfram samstarfi við NATO og Bandaríkin yrði allt vitlaust. „Ég er með smá hnút í maganum eftir hvernig þetta mun þróast. Atökin munu færast og dreifast og svæði lokast. En ég ætla að fara þarna og þrykkja þarna í gegn, fylla bílinn af olíu í Rúmeníu, setja brúsa í skottið og eiga nóg til að komast til hennar.“ ■

**MEGA VÍKA**  
1690 kr.

NÚ AÐEINS Í APPI OG Á DOMINOS.IS

ALLAR PIZZUR AF MATSEÐLI, EF ÞÚ SÆKIR



# KOMBÓ TILBOÐ

24. FEBRÚAR - 6. MARS



90 G HAMBORGARI - EKKI ER  
HÆGT AÐ STÆKKA TILBOÐIÐ

## EL RENO

FRANSKAR + COKE 0,5 L + TOFFEE CRISP

ÁLFHEIMUM  
GULLINBRÚ  
NORÐLINGAHOLTÍ

MOSFELLSBÆ  
AKRANESI  
BORGARNESI

SKAGASTRÖND  
VARMHLÍÐ  
SIGLUFIRÐI

ÓLAFSFIÐI  
DALVÍK  
HÚSAVÍK

REYÐARFIÐI  
NESKAUPSTAÐ  
HELLU  
SELFOSSI

GRILL66.IS

VIÐ ERUM Á OLÍS



# Katrín segir sölu á hlut í Landsvirkjun ekki koma til greina

bth@frettabladid.is

**ORKUMÁL** Skoðanir stjórnarþingmanna á því hvort æskilegt sé að selja hlut í Landsvirkjun eru skiptar.

„Landsvirkjun verður ekki seld, hvorki að hluta né sem heild,“ segir Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra.

Guðrún Hafsteinsdóttir, verðandi ráðherra í ríkisstjórninni og núver-

andi formaður efnahags- og viðskiptanefndar, talaði í Fréttablaðinu í gær fyrir sölu á 30 til 40 prósentu hlut í Landsvirkjun til lífeyrissjóða.

Jóhann Páll Jóhannsson, sem situr í minnihluta efnahags- og viðskiptanefndar fyrir Samfylkinguna, segir það „afspyrnu vonda hugmynd“ að einkavæða Landsvirkjun, selja hluta starfseminnar eða draga úr eignarhaldi ríkisins.



Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra

„Þetta er fyrirtæki sem við eigum saman og höfum trú að fyrir orkuauðlindum okkar. Arðurinn af nýtingu þeirra á að renna til þjóðarinnar,“ segir Jóhann.

„Ég skil ekki hvernig nokkrum stjórnálagamanni getur dottið í hug, nú þegar rekstur Landsvirkjunar hefur aldrei gengið betur, að selja þetta lykilyfirtæki eða draga úr eignarhaldi ríkisins á því.“

Í svari til Fréttablaðsins segist Landsvirkjun ekki tjá sig um hugmyndir um breytt eignarhald.

Hvað varði vatnsréttindi, sem prófessor við HÍ telur að þurfi að skila til ríkisins, gæti misskilnings.

„Landsvirkjun hefur greitt fyrir þau vatnsréttindi sem fyrirtækið nýtir og greiðslur til landeigenda hafa verið mjög í samræmi við það sem til dæmis tókast í Noregi.“ ■

## Skrefagjald fyrir sorp verði innleitt

benediktboas@frettabladid.is

**SORPHIRDA** Ruslatunna verður ekki lengur sótt inn fyrir lóðarmörk verði hugmynd starfshóps um samræmingu úrgangsflokkunar í sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu að veruleika.

Víða í Evrópu sé á ábyrgð íbúa að koma sorpi út á gangstétt eða þannig að vegalengdin sé stutt fyrir þá sem sækja ruslið. „Sé vegalengdin ekki innan settra marka borga íbúar auka skrefagjald,“ segir í skýrslu sem lögð var fyrir umhverfis- og heilbrigðisráð borgarinnar. ■

## Einkaþyrfluferðir óforsvaranlegar

gar@frettabladid.is

**STJÓRNSÝSLA** „Ferðir ráðherra eða annarra einstaklinga með flugvéllum, þyrflum eða skipum sem Landhelgisgæslan hefur til umráða, í einkaerindum, eru alvarlega athugunarverðar,“ segir Ríkisendurskoðun í úttekt á Landhelgisgæslunni.



Guðmundur Helgi Björgvinsón, starfandi ríkisendurskoðandi

Vísar Ríkisendurskoðun til þess er Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, þáverandi dómsmálaráðherra, var í ágúst 2020 sótt úr hestaferð í Reynisfjöru og flutt með þyrflu Landhelgisgæslunnar til fundar í Reykjavík og aftur til baka. ■

# Segir Garðabæ brjóta útboðsreglur með kaupum af félagi bæjarfulltrúa

Hart er deilt um leigusamninga Garðabæjar við Terra um einingahús fyrir leikskóla í Urriðaholti. Forseti bæjarstjórnar á hlut í Terra en formaður bæjarráðs segir útboð hafa tafið málið um allt að ár.

kristinnhaukur@frettabladid.is

**GARÐABÆR** Í annað sinn á innan við ári hefur Garðabær leigt gámaeiningar af Terra án útboðs. Garðabæjarlistinn gagnrýnir meirihluta Sjálfstæðisflokksins harðlega og sakar hann um fúsk. Forseti bæjarstjórnar, Björg Fengler, á hlut í Terra.

„Þetta er bara fúsk. Meirihluti Sjálfstæðisflokksins heldur því fram að hann reki sveitarfélagið með ábyrgri fjármálastjórnun en svo er hann ítrekað með svona gjörninga,“ segir Sara Dögg Svanhildardóttir, oddviti Garðabæjarlistans.

Forsagan er sú að Urriðaholts hverfið hefur vaxið hratt og um 100 leikskólabörn þurft á vistun utan hverfisins að halda. Bygging nýs leikskóla hefur tafið og brúa á milli með einingahúsum.

Í ágúst var greint frá sjö ára leigusamningi við Terra einingar um færanlegar einingar fyrir leikskóla. Bókað var á fundi bæjarstjórnar að leiga á fasteignum væri ekki útboðsskyld. Var samningurinn samþykktur með 7 atkvæðum gegn 3. Björg Fengler vék sæti við afgreiðsluna.

Mannlíf sagði frá því að Björg ætti stóran hluta í Terra. Hún sagðist myndu fylgja reglum og víkja er samningurinn kæmi á borðið.

Á þriðjudag var svo fjallað um annan leigusamning við Terra einingar í bæjarráði Garðabæjar. Hafði bæjarstjórn óskað eftir tilboðum frá bæði Terra og Stólpa. Leiguverð Stólpa var 2,3 milljónir á mánuði



Uppbygging leikskóla hefur ekki fylgt uppbyggingu íbúðarhúsnæðis í Urriðaholti.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI



**Meirihluti Sjálfstæðisflokksins heldur því fram að hann reki sveitarfélagið með ábyrgri fjármálastjórnun en svo er hann ítrekað með svona gjörninga.**



Sara Dögg Svanhildardóttir, oddviti Garðabæjarlistans

en 2,7 hjá Terra en söluverðið hjá Stólpa hærra eftir tvö ár.

Sara Dögg hefur gagnrýnt samninginn. Einnig að lögfræðilít bæjarins um lögmæti þess að sleppa útboði hafi ekki verið opinberað. Hún hafi fyrir tilviljun komist að tilvist þess og hafi fengið að sjá það bundin trúnaði.

„Lög um opinber innkaup kveða á um að öll kaup á vöru eða þjónustu eftir 45 þúsund krónur beri að bjóða út. Þetta er ekki flókið,“ segir Sara Dögg. Eins og Fréttablaðið greindi frá var Garðabær talinn skaðabótaskyldur vegna brota á útboðsreglum um rafvirkjaþjónustu í nóvember. Samkvæmt Ásgeiri Þorlákssyni, framkvæmdastjóra Stólpa, mun fyrirtækið ekki fara með málið lengra þó að tilboði Terra hafi verið tekið.

„Þetta eru ekki útboðsskyld viðskipti, hvorki að fá einingarnar á leigu né til kaups. Það var farið í

verðkönnun þar sem allir aðilar á markaðinum taka þátt, sem eru ekki margir. Útboð hefdi tafið málið um 6 til 12 mánuði. Það er langur tími fyrir fjölskyldur sem vantar leikskólapláss,“ segir Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður bæjarráðs.

Áslaug segir ekki ákveðið hvort einingarnar verði keyptar þó að það hafi fylgt með í tilboðunum og hafi verið ástæða þess að tilboði Terra væri tekið. „Við töldum ekki ólíklegt að einingarnar yrðu í notkun lengur en tvö ár. Reynsla okkar er að það er gott að hafa lausar einingar við skóla því þegar hverfi eru að byggjast upp getur fjölgað mikið í skólum,“ segir Áslaug.

Aðspurð segir Áslaug lögfræðilít algeng sem hluta af gagnaðflun er embættismenn undirbúi mál og tillögur fyrir kjörna fulltrúa.

„Ef kjörnir fulltrúar biðja um gögn þá eru þau alltaf aðgengileg.“ ■



**ÍÞRÓTTAVIKAN  
MEÐ BENNA BÓ**  
FÖSTUDAGA KL. 21.00

Benedikt Bóas fær til sín góða gesti til að ræða íþróttavikuna sem leið og skoðar það helsta sem gerðist á léttu nótonum.



HRINGBRAUT

BAK  
ARÍ  
IÐ



Vatnsdeigsbolla með  
Irish Coffee



Krakkabolla með karamellu  
eða súkkulaði og hlaupi **199** kr/stk



Geribolla með  
súkkulaði glassúr



Vatnsdeigsbolla með banana-  
rjóma og karamellu glassúr



Vatnsdeigsbolla með  
súkkulaði glassúr

Tilbúnar  
bollur

**429** kr/stk

# Njóttu helgarinnar

## HAGKAUP

Tilboð gilda út 27. febrúar



100%  
Hrein afurð

Heill kjúklingur  
Verð áður 1.099

**20%**  
afsláttur

**879** kr/kg



Lambalæri



**1.699** kr/kg



100%  
Hrein afurð

Kjúklingabringur  
Verð áður 2.849

**20%**  
afsláttur

**2.279** kr/kg



Ófylltar bollur

Verð frá

**279** kr/pk



Nýtt

Spennandi nýjungar  
frá Nóa Sírius

**479** kr/stk

Allt fyrir sprengidaginn



Saltkjöt hefðbundið  
Blandað  
**1.279** kr/kg



Valið  
**2.999** kr/kg

## Innrásin skekur hagkerfi heimsins

olafur@frettabladid.is

Eftir Covid er efnahagskerfi heimsins mjög viðkvæmt, verðbólga vaxandi og seðlabönkum vandi á höndum, meðal annars vegna þeirra aðgerða sem þeir gripu til vegna Covid fyrir tveimur árum.

Innrás Rússa í Úkraínu getur valdið verðfalli á fasteigna- og skuldabréfamörkuðum víða um lönd, sem getur haft alvarleg áhrif og valdið samdrætti. Líklegt er að seðlabankar haldi að sér höndum með vaxtahækkanir, sem getur enn auknið á verðbólguvandann.

Jón Danielsson, hagfræðiprófessor við London School of Economics og forstöðumaður rannsóknaseturs um kerfisáhættu í fjármálakerfinu, segir innrás Rússa í Úkraínu hafa bein áhrif á skammtíma- og langtímaáhrif á mörkuðum og í efnahagslífi heimsins. Fyrir sé óeðlilega mikil áhætta vegna verðbólgu, sem stafi af röngum viðbrögðum seðlabanka heimsins við Covid fyrir tveimur árum.



Jón Danielsson, hagfræðiprófessor við LSE

„Sú mikla verðbólga sem við sjáum nú í flestum vestrænum ríkjum hefur þegar valdið mikilli óvissu. Þessi innrás er viðbótaráfall.

Þetta viðbótaráfall veldur því að eignaverð mun lækka og getur jafnvel hrapað í ákveðnum flokkum. Það veldur aftur erfiðleikum hjá mörgum aðilum á markaði.

Þetta veldur truflun á framleiðslumynstri og er þar með mjög truflandi fyrir efnahagslífið í heiminum, á sama tíma og óvissa er mjög mikil.“

Jón segir þetta auka enn á vanda seðlabanka heimsins, sem þó var ærinn fyrir. Innrásin í Úkraínu valdi því að hagkerfin dragast saman á sama tíma og verðbólga fer vaxandi.

„Hvernig er hægt að bregðast við stigvaxandi verðbólgu annars vegar og samdrætti á framleiðslu hins vegar? Í olíukreppunni á áttunda áratugnum kom þessi stada upp, verðbólga og efnahagsleg stöðun, svonefnd kreppuverðbólga. Ég tel að þessu sé hægt að afstýra nú.“

Jón telur ráðamenn í efnahagsmálum þurfa að stíga mjög varlega til jarðar í viðbrögðum sínum. „Ég held að við séum hins vegar reynslunni ríkari eftir kreppuverðbólguuna fyrir hálfri öld og getum forðast mistökinn sem gerð var þá. Því er ekki ástæða til að örvænta.“ ■



Íslensk stjórnvöld fordæma aðgerðir rússneskra stjórnvalda og hefja efnahagsþvinganir gegn Rússlandi, eins og önnur aðildarríki Atlantshafsbandalagsins og Evrópusambandsríki. Forsætisráðherra segir að Íslendingar gætu orðið varir við meiri umferð um varnarsvæðið í Keflavík. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Óréttlæt看anlegt brot á alþjóðalögum

Forsætisráðherra segir innrás Rússa í Úkraínu óréttlæt看anlega. Von er á auknum umsvifum og sýnileika heraflla Atlantshafsbandalagsins á Íslandi vegna átakanna.

ingunnlara@frettabladid.is

Viðbragðsstæða herliðs NATO hefur verið aukin og varnarviðbúnaður styrktur eftir innrás Rússa í Úkraínu, sem þýðir aukna umferð og viðveru herliðs NATO á herstöðinni í Keflavík, að sögn Katrínar Jakobsdóttur forsætisráðherra.

„Við gætum orðið vör við meiri liðsflutninga Atlantshafsbandalagsins. Ekki bara Bandaríkjahefur heldur annarra hersveita. Við Íslendingar gætum orðið vör við meiri umferð um varnarsvæðið í Keflavík,“ segir hún.

Íslensk stjórnvöld fordæma aðgerðir rússneskra stjórnvalda og hefja efnahagsþvinganir gegn Rússlandi, eins og önnur aðildarríki Atlantshafsbandalagsins og Evrópusambandsríki.

„Þetta er skýrt brot á alþjóðalögum og á sér enga réttlæt看ingu,“ segir Katrín um aðgerðir rússneskra yfirvalda.

Þvingunaraðgerðirnar beinast gegn eftirfarandi aðilum:



Fórnarlömbin eru venjulegt fólk sem vill bara lifa sínu daglega lífi.

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra

- 22 háttsettum einstaklingum, þar með töldum varnarmálaráðherra, og er fjórum fyrirtækjum bætt á lista yfir þá sem skulu sæta frystingu fjármuna og landgöngubanni í tilvikum einstaklinga. Hér undir eru ráðherrar og hershöfðingjar, lykilviðskiptamenn í bankageiranum og bandar og fjármálastofnanir. Þá var þeim 336 meðlimum Dúmunnar sem greiddu atkvæði með þingsályktun um að viðurkenna sjálfstæði Lúhansk og Donetsk bætt á listann.
- Í öðru lagi beinist aðgerðirnar

að fjármálaþjónustu í Rússlandi með því að kosir rússneska ríkisins og rússneska seðlabankans til að fjármagna sig eru takmarkaðir.

• Í þriðja lagi er um að ræða heildstætt og yfirgripsmikið viðskiptabann á vörur frá héruðunum tveimur Lúhansk og Donetsk. Einnig er bann við útflutningi á vörum og þjónustu til að þjónusta þessa geira í héruðunum tveimur, þar með talið að hafa milligöngu um flutning og fjármögnun.

Samhliða þvingunum gegn Rússlandi mun Ísland veita Úkraínu milljón evra styrk til mannúðaradstóðar.

Leiðtogafundur NATO fer fram í dag og Evrópusambandið fundaði í gærkvöldi um frekari aðgerðir gegn Rússlandi. Ríkisstjórnin segir ljóst að hernaður Rússlands gagnvart Úkraínu kalli á miklu harðari og umfangsmeiri þvingunaraðgerðir Evrópusambandsins en þær sem þegar hefur verið hrundið í framkvæmd

„Það er alveg ljóst að þær efnahagsaðgerðir sem verið er að ræða munu hafa veruleg áhrif á rússneskt samfélag,“ segir Katrín.

Úkraína er ekki í NATO og því hafa aðildarríki ákveðið að fara þessa leið, að virkja fjórðu grein Atlantshafssáttmálans, sem felur í sér að

hafa samráð sín á milli um að auka viðbragðsstöðu, telji eitt eða fleiri bandalagsríki öryggi sínu ógnað.

Ef ráðist verður inn í aðildarríki NATO, eins og til dæmis Pólland, er litið á það sem árás á allar NATO-þjóðirnar og þá verður vopnavaldi beitt.

Katrín segir mikla alþjóðlega samstöðu á bak við þessar aðgerðir. „Þetta er okkar tæki og það er ekki nokkur maður sem vill stríðsátök í Evrópu. Það getur haft í för með sér hræðilegar afleiðingar fyrir óbreytta borgara,“ segir hún.

Aðspurð hvort hún telji þvingunaraðgerðir nógu hörð viðbrögð segist Katrín vona að Rússar skilji alvarleika þessara aðgerða.

„Mín einlæga von er að Rússar sjái að sér og skilji alvarleika þeirra efnahagsaðgerða sem Evrópuríki eru tilbúin að beita og alvarleika þess að eiga frumkvæði að hernaði sem getur valdið ómældum hörmungum fyrir venjulegt fólk. Fórnarlömbin eru venjulegt fólk sem vill bara lifa sínu daglega lífi.“

Spurð hvernig hún haldi að staðan muni þróast svarar forsætisráðherra:

„Ég held að ég og ekki nokkur geti í raun sagt til um það núna, en okkar krafa og annarra Vesturlanda er alveg skýr.“ ■

## Segir afleiðingar viðskiptaþvingana verða verri fyrir Ísland

tsh@frettabladid.is

Mikhail V. Noskov, sendiherra Rússlands á Íslandi, hafnar því að markmið Rússa sé að innlima Úkraínu. Hann segir markmiðið eingöngu að vernda héruðin Donetsk og Lúhansk sem hafa lýst yfir sjálfstæði. Þá segir hann að efnahagsþvinganir vestrænna ríkja muni hafa verri áhrif á efnahag Íslands en Rússlands.

„Grundvallaratriðið er það að við erum ekki á einhvern hátt að kæfa hagsmunum úkraínsku þjóðarinnar. Mikilvægasti punkturinn er sá að við viljum tryggja hagsmunum rúss-

neskra ríkisborgara okkar í Úkraínu og auk þess öryggi sjálfs Rússlands og berjast gegn þeim sem taka Úkraínu í gislingu og notfæra sér hana í eiginhagsmunaskyni.“

Að sögn Noskov hafa úkraínsk yfirvöld stundað þjóðarmorð á rússneskum ríkisborgurum á Donbass-svæðinu, sem héruðin Donetsk og Lúhansk tilheyra, undanfarin átta ár. Sendiherrann endurómar þar orð Pútíns sem vísaði meðal annars til meintra þjóðarmorða til að réttlæta ákvörðun sína um að senda heraflla inn á svæðið. Engar haldbærar vísbendingar hafa hins vegar fundist sem styðja fullyrðing-



Mikhail V. Noskov, sendiherra Rússlands á Íslandi

ar rússneskra yfirvalda um meint þjóðarmorð og lýsti Olof Scholz, kanslari Þýskalands, ummælum Pútíns sem „fáránlegum“.

„Hernaðarlegur stuðningur okkar er afleiðing af yfirgangssemi úkraínsku ríkisstjórnarinnar gagnvart

rússneskum ríkisborgurum. Þar eru meira en 100.000 rússneskir ríkisborgarar með rússneskt vegaþréf. Þar að auki höfum við séð tvö ávörp þar sem leiðtogar Donetsk og Lúhansk óskuðu eftir hjálp,“ segir Noskov og vísar þar til ákalls leiðtoga héraðanna tveggja þar sem þeir biðluðu til Vladímírs Pútíns um hjálp.

Sendiherrann ítrekar líka viðvörin Pútíns til erlendra ríkja sem hann undirstrikaði í ræðu sinni á fimmtudagsmorgun. Þar lýsti forsetinn því að lönd sem skiptu sér af aðgerðum Rússa mættu vita að „viðbrögð Rússlands verða tafarlaus og

munu valda ykkur afleiðingum sem þið hafið aldrei áður staðið andspenis í sögu ykkar.“

Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, hefur fordæmt innrás Rússa og sagði að umsvif Rússa í íslenskri efnahagslögsögu hefðu öðlast allt aðra þýðingu í ljósi ástandsins. Noskov segist fullmeðvitaður um það að Ísland muni taka þátt í efnahagsþvingunum en að það gæti haft neikvæð áhrif á efnahagstengsl landanna.

„Það munu verða afleiðingar en aðallega fyrir Ísland. Afleiðingarnar verða verri fyrir efnahag Íslands en efnahag Rússlands,“ segir hann. ■



# JEPPA SÝNING

## TOYOTA KAAPTÚNI

Á MORGUN  
LAUGARDAGINN 26.FEBRÚAR KL.12-16



TOYOTA TRYGGINGAR  
vátrygt af TM



Toyota Kaaptúni  
Kaaptúni 6  
570 5070

[toyotakaaptuni.is](http://toyotakaaptuni.is) - [info@toyota.is](mailto:info@toyota.is)



UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS  
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.




Þessi kona var handtekin á Púskín-torgi í Moskvu í gær.

## Mótmælendur handteknir

arib@frettabladid.is

Minnst 400 mótmælendur voru handteknir í 38 borgum í Rússlandi í gær fyrir að mótmæla innrás Rússa í Úkraínu. Lögreglumenn réðust gegn mótmælendum á Púskín-torgi í Moskvu í gær skömmu eftir að mótmælin hófust, sama endurtók sig í Sankti Pétursborg. Yfirvöld í Rússlandi höfðu varað almenning við því að mótmæla. ■



Frá mótmælunum í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARÍ

## Allir fastir heima

ninarichter@frettabladid.is

Mótmælendur fjölmenntu fyrir framan rússneska sendiráðið í gær til að mótmæla innrás Rússa í Úkraínu.

Meðal mótmælenda var María, sem er frá Mariupol í Úkraínu og hefur búið á Íslandi í 21 ár. Hún segir hræðilegt að hafa vaknað við fréttir af stríði í heimalandinu. „En þetta er ekki nýtt fyrir mig. Þann 9. maí 2014 í Úkraínu í Mariupol og vaknaði við nákvæmlega þessa sömu skrið-dreka rétt hjá glugganum mínum,“ segir María. „Ég veit hvað ég er að tala um. Ég var þarna þennan hræðilega mánuð.“

María segist hafa verið í sambandi við vini og fjölskyldu í Úkraínu í allan dag. „Það eru allir fastir heima. Mamma er 79 ára og systir mín er 55 ára og þær eiga eignir þar. Það er ekki hægt að taka peninga út af reikningum. Það er hægt að borga með reiðufé en það er ekki til staðar,“ segir María.

„Ég vona að einhver stoppi þennan mann. Það er eina leiðin,“ segir hún. ■

# Evrópustríð ekki útilokað en litlar líkur á þriðju heimsstyrjöldinni

Vending varð í innrás Rússa í gær þegar ljóst varð að innrásin snerist ekki bara um svæði aðskilnaðarsinna. Ofsahræðsla hjá íbúum. Ólíklegt að innrásin ógni öryggi Íslands.

bth@frettabladid.is

„Maður óttast að það gæti orðið stigmögnun, margir finna fyrir mikilli ónotatilfinningu, í versta falli gætum við verið að tala um Evrópustríð,“ segir Þórir Guðmundsson, fyrrverandi starfsmaður Rauða krossins.

Þórir bjó um árabíl í Kasakstan og hefur einnig starfað sem fréttamaður í Úkraínu. Hann segir að ofsahræðsla hafi gripið um sig meðal íbúa Úkraínu. Fólk muni flykkjast að landamærum Póllands næstu daga og vikur. ESB þurfi að bregðast við þeirri miklu áskorun hvernig þeim mikla fjölda verði mætt.

„Ég á von á því, af því að ég þekki undirbúning fyrir flóttamanna-teymi, að menn séu farnir að skipuleggja móttöku flóttamanna, farnir að tina til tjöldin í vörugeymslunum og útvega vistir.“

Þórir segir fjarri allri skynsemi að kalla Úkraínnumenn nasista eins og talsmaður Pútíns hefur gert. Þótt einhverjir slíkir hópar hafi starfað fyrir átta árum séu íbúarnir gott fólk sem vilji tilheyra Evrópu.

„Ég held að allir séu sammála um að Pútín fái ekki að komast upp með þetta,“ segir Þórir. „Það sem þarf að hafa í huga er að þarna er kjarnorkuveldi sem ræðst á 40 milljóna Evrópuþjóð með sprengingum og skriðdreikum.“

Albert Jónsson, fyrrverandi sendiherra og sérfræðingur í alþjóðastjórn málum, telur afar ólíklegt að Bandaríkjamenn eða alþjóðasamfélagið muni grípa til vopna vegna innrásar Rússa. Öryggisstefna Bandaríkjanna snúist um hvort ríki ógni Bandaríkjunum með beinum hætti. Svo sé ekki í þessu tilvik.

„Rússland er ekki arftaki Sovétríkjanna í þessum skilningi,“ segir Albert.

Hann segir að það tæki marga mánuði fyrir Bandaríkjamenn að flytja herafla til Evrópu. Hvorki Biden forseti sé yfirstjórn NATO hafi talað fyrir því. „Það yrði þriðja heimsstyrjöldin.“



Það sem þarf að hafa í huga er að þarna er kjarnorkuveldi sem ræðst á 40 milljóna Evrópuþjóð með sprengingum og skriðdreikum.



Þórir Guðmundsson

Albert segir tilgang Pútíns með innrásinni margþættan. Rússar vilji ekki að Úkraína gangi í NATO eða ESB. Þá séu ónefnd þau mál sem varði aðskilnaðarsinna í austurhluta Úkraínu. Það hafi komið á óvart hve langt Rússar gangi. Ákveð-



Búist er við stórfelldum flótta Úkraínnumanna yfir landamæri Póllands.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

in girskipting hafi orðið í innrásinni um miðjan dag í gær.

„Nú stefnir í umsátur um höfuðborgina Kiev. Rússar eru að reyna að knésetja úkraínsku þjóðina, hrekja stjórnina frá löndum og leggja landið undir sig,“ segir Albert.

Þótt Úkraína hafi ekki þá vægi að stefni heimsfriði í hættu, skiptir Úkraína Rússa svo miklu máli að Albert segir að alþjóðlegar efna-

hagsrefsingar gegn Rússum verði að vera mjög harkalegar. Afleiðingar verði margvíslegar utan Rússlands, svo sem hækkun olíuverðs og risandi verðbólga.

„Svo lengi sem ekki kemur til átaka milli NATO og Rússlands verður engin breyting á stöðu Íslands, nema kannski aukin flugumferð um Keflavíkurflugvöll,“ segir Albert. ■

### Aðdragandi innrásar Rússlands í Úkraínu

<p><b>Nóvember 2021</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Gervihnattamyndir sýndu hernáðaruppbyggingu Rússa við landamæri Úkraínu.</li> </ul>	<p><b>17. desember 2021</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Rússar settu fram kröfur um að látið yrði af allri hernáðarviðveru í Austur-Evrópu og Úkraínu og að engin fyrrum Sovétríki verði tekin inn í NATO.</li> </ul>	<p><b>10. janúar 2022</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Bandarískir og rússneskir ráðamenn hittust í Genf til að ræða diplómatar lausnir. Viðræður runnu út í sandinn.</li> </ul>	<p><b>27. janúar 2022</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Stjórnvöld í Kína sýndu Rússum pólitískan stuðning og sögðu að taka þyrfti lög-mætar öryggis-kröfur Rússa alvarlega.</li> </ul>	<p><b>8. febrúar 2022</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Macron Frakklandsforseti hitti Pútín á maraþonfundum í Moskvu og sagði blaðamönnum að Rússland myndi ekki herða sig í deilunni. Kreml hafnaði því að samið hefði verið um slíkt.</li> </ul>	<p><b>11. febrúar 2022</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Bandaríkin fjölguðu hermönnum í Póllandi um þrjú þúsund og fjöldi ríkja hvatti borgara sína til að yfirgefa Úkraínu.</li> </ul>	<p><b>17. febrúar 2022</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Bandaríkin vörðu við því að Rússland væri á barmi þess að ráðast inn í Úkraínu í ljósi þess að herafli þeirra hafði ekki bakkað frá landamærum Úkraínu eins og krafist var.</li> </ul>	<p><b>19. febrúar 2022</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Ráðamenn tveggja héraða í Úkraínu, Donetsk og Lúhansk sem njóta stuðnings Kremlar, tilkynntu aukinn her-viðbúnað.</li> </ul>	<p><b>22. febrúar 2022</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Þjóðarleiðtogar ESB og NATO ræddu refsiaðgerðir.</li> <li>Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna kom saman á neyðarfundi um stöðuna.</li> </ul>	<p><b>24. febrúar 2022</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Viðtækar hernaðaraðgerðir Rússa hófust í Úkraínu á sama tíma og öryggisráðið fundaði. Þær voru for-dæmdar um allan heim.</li> </ul>
<p><b>7. desember 2021</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Bandaríkjaforseti varaði Rússa við viðtækum refsiaðgerðum yrði ráðist inn í Úkraínu.</li> </ul>	<p><b>3. janúar 2022</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Joe Biden fullvissaði Zelenskij Úkraínuforseta um að Bandaríkin myndu bregðast við af festu, réðust Rússar inn í Úkraínu.</li> </ul>	<p><b>24. janúar 2022</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>NATO og bandaríski herinn settu herafla í viðbragðsstöðu og efldu hernáðarlega viðveru í Austur-Evrópu. Sendiráðsstarfsfólk var kallað heim.</li> </ul>	<p><b>Febrúar 2022</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Vladímír Pútín neitaði því að innrás væri í undirbúningi og sakaði Bandaríkin um að hundsá öryggis-kröfur Rússlands.</li> </ul>	<p><b>10. febrúar 2022</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Utanríkisráðherrar Bretlands og Rússlands hittust á fundi. Sergei Lavrov lýsti honum eins og samtali mállausrar manneskju við-heyrrarlausu.</li> </ul>	<p><b>15. febrúar 2022</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Pútín sagðist reiðubúinn til að ræða við vest-rænu ríkin um hvernig vinda mætti ofan af deilunni en lagði áherslu á að mæta yrði kröfum Rússa.</li> </ul>	<p><b>18. febrúar 2022</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Alexander Lúkasjenko forseti Hvíta-Rússlands fundaði með Pútín. 30.000 rússneskir hermenn eru í Hvíta-Rússlandi og héldu sameiginlegar heræfingar þar um síðustu helgi.</li> </ul>	<p><b>21. febrúar 2022</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Pútín viðurkenndi sjálfstæði úkraínsku héraðanna Donetsk og Lúhansk og sendi herafla þangað til að „tryggja frið“.</li> </ul>	<p><b>23. febrúar 2022</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Rússneskt herlið hóf innreið sína inn í Donbass í austurhluta Úkraínu, Bandaríkin og Evrópusambandið kynntu efnahagslegar refsiaðgerðir og þjóð-verjar tilkynntu að gas-leiðslan Nordstream yrði ekki opnuð í bráðu.</li> </ul>	



# 20-40% AFMÆLISAFSLÁTTUR

## Colorex gæðamálning

þekur einstaklega vel, ýrist ekki og er mjög slitsterk

20%  
AF

Colorex Projekt 10  
Málarahvít, 10L

7.516

Áður 9.395 kr.



40%  
AF

Colorex Vagans Pro7  
silkimjúk veggjamálning 9L

7.797

Áður 12.995 kr.



Colorex Eminent Pro RF  
Mött loftamálning, 10L

8.397

Áður 11.995 kr.



30%  
AF

Gott verð  
fyrir alla í

20 ár

2002 – 2022

Aqua 25% Votrymis-  
& baðmálning, 10L

10.392

Áður 14.845 kr.



30%  
AF

25%  
AF



Ofursterkt  
Epoxy Gólfakk EP-V  
4 kg

11.246

Áður 14.995 kr.

fæst:  
ljósgrátt  
milligrátt  
hvítt  
glært

25%  
AF



Gólfmálning  
Uterthan - Alkyd  
Grágræn 3L

5.996

Áður 7.995 kr.



Blöndum  
alla liti!

SENDUM UM  
LAND ALLT!  
www.murbudin.is

MÚRBÚÐIN  
Gott verð fyrir alla í 20 ár  
2002 – 2022

# Frelsi á ný



Kolbrún Bergþórsdóttir  
kolbrunb  
@frettabladid.is

Loks kom að því að þjóðin endurheimti frelsi sitt. Það hefði mátt gerast mun fyrr. Þótt flestir fagni fer hið nýfengna frelsi ekki vel í aðra sem telja að verið sé að fara of geyst í að færa fólki aftur sjálf-sögð mannréttindi sín. Merkillegt hvað sumir geta vanist fjötrum, jafnvel svo mjög að þeir vilji helst ekki losna við þá.

Covid hefur sýnt okkur að það er auðvelt að hræða fólk og fá það til að sætta sig við frelssviptingu. Það er hrollvekjandi þegar okkur er sagt að ef bakslag verði þá blasi hin sjálfsagða lausn við: sem sagt sú að hverfa aftur til lífs þar sem höft og bönn gilda og eiga að vera okkur öllum fyrir bestu.

Það er ekki mikil von til að yfirvöld viðurkenni að sóttvarnaaðgerðir vegna Covid hafi verið langt umfram það sem nauðsynlegt var. Seinni tímar munu þó kveða harðan dóm yfir þeirri harðneskju sem beitt var vegna farsóttar sem var sannarlega ekki að stráfella fólk. Hugmyndir um að nota sömu aðferðir við álíka pestum mega ekki verða að veruleika.

Frasinn: „Það er skylda stjórnvalda að vernda líf og heilsu landsmanna,“ hefur heyrst allmörgum sinnum á Covid-tímanum. Á sama tíma sýndu stjórnvöld litla umhyggju gagnvart andlegri heilsu landsmanna. Alls kyns hræðsluáróður var grasserandi og margir tóku hann inn á sig. Stjórnvöld hefðu betur róað þjóðina. ■



Merkillegt hvað sumir geta vanist fjötrum, jafnvel svo mjög að þeir vilji helst ekki losna við þá.

## Fjölgun bíla

Þingmaður Samfylkingarinnar beindi nýlega fyrirspurn til umhverfisráðherra. Hún hljóðar svo: „Hvaða aðgerðir hyggst ríkisstjórnin ráðast í til að draga úr bílaumferð og sporna gegn fjölgun bíla á kjörtímabilinu?“

Enn einu sinni þakkar maður almættinu fyrir að Samfylkingin skuli ekki vera í ríkisstjórn. Vitanlega á fólk sjálft að ráða því hvort það ferðast í bíl sínum eða notar aðra ferðamáta. Vill Samfylkingin setja kvóta á bílasölu í landinu og er hún kannski með hugmyndir um auknar álögur á bileigendur? Hafi Samfylkingin ekkert annað fram að færa en forsjarhyggju á hún ekkert erindi við almenning.

Sú sem þetta skrifar veit ekki hvort umhverfisráðherra hefur svarað fyrirspurninni. Hafi hann gert það hefur svarið vonandi verið á þá leið að ríkisstjórnin skipti sér ekki af bílaeign landsmanna. Eigi ráðherrann eftir að svara fyrirspurninni er þeirri ósk komið á framfæri að hann svari á þennan veg. ■

## Halldór



## Frá degi til dags

arib@frettabladid.is

### Tilkynningin

Mikið var gott að ráðamenn skyldu loks senda tilkynningu til umheimsins sem kemur frá dýpstu hjartarótum. Svo vitnað sé í yfirlýsingu: „Góðir hálsar í öllum hinum löndunum. Okkur list ekkert á blikuna í Úkraínu, bara alls ekki. Við höldum með góðu köllunum, ekki vondu. Við erum hins vegar allt of kulnuð, þreytt og sjálfhverf til að taka þátt í þriðju heimsstyrjöldinni. Við ætlum ekki að spá í að taka við neinum flóttamönnum strax, það er alveg nóg vesen á húsnaðis-markaðnum. Þegar við hugsum málið þá hefur Ísland alltaf grætt á stríðum erlendis. Þakka þeim sem hlýddu.“ Sagan segir að minnst einn þjóðhöfðingi hafi svarað með like-þumal.

### Næstnæstbesta deildin

Efsta deildin í íslenskrí knattspyrnu, sem er mæld ein lélegasta deildin á lista UEFA, heitir nú Besta deildin. Það er reyndar mjög skemmtilegt nafn og ánægjulegt að deild heiti ekki eftir styrktaraðila, það er líka bara tímaspursmál þangað til það hefst keppni í Blush-deildinni. Deildirnar fyrir neðan Bestu deildina verða svo Næstbesta deildin, Næstnæstbesta deildin, Sæmilega deildin, Stuttbuxnadeildin, Órólega deildin og Skrímiladeildin. ■

## Járntjaldið ris á ný



Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir  
Formaður  
Viðreisnar

Í gærmorgun vaknaði heimsbyggðin við vandan draum. Rússland hafði í skjóli nætur ráðist inn í Úkraínu með vopnaðri árás. Um var að ræða ógnvekjandi árás á gildi okkar og atlögu að lýðræðinu. Gærdagsins verður líklega minnst í sögubókum framtíðar sem dagsins þar sem járnþjaldið reis aftur. Einn af myrku dögum Evrópu.

Yfirgangur Rússa gagnvart frjálsri og fullvalda þjóð er ein mesta ógn vestrænna lýðræðisríkja og Evrópu í langan tíma. Við Íslendingar verðum að standa vörð um hagsmuni okkar sem þjóðar. Það gerum við meðal annars með því að verja af fullum þunga þau gildi sem mesta þýðingu hafa fyrir okkur. Frelsi, mannréttindi, lýðræði. Þá skiptir máli að við séum skýr í okkar afstöðu. Að samstaðan haldi. Að við tökum afdráttarlaust þátt í aðgerðum lýðræðis- og vinabjóða okkar.

Nú reynir á alþjóðasamvinnu með vestræn gildi að leidarljósi. Það þýðir að við þurfum af fullum þunga að taka þátt í samstarfi með ESB-þjóðum, við verðum að einbeita okkur að NATO og taka einarða afstöðu með vinabjóðum okkar. Samhliða þurfum við að skerpa á sýn okkar og stefnu í utanríkis- og varnarmálum.

Við verðum að byggja enn frekar upp samband okkar við Bandaríkin í ljósi varnar- og öryggishagsmuna Íslands. Líka með tilliti til norðurslóða og almenns þjóðaröryggis, eins og að verjast netárásam eða falsfréttum.

Núverandi ástand er viss áskorun í ríkisstjórn sem er í grunninn klofin í afstöðu sinni gagnvart NATO þó svo að þau séu sammála um tortryggni sína í garð ESB. En við sem þjóð höfum ekki um annað að velja en að rækta af fullum krafti þetta dýrmæta alþjóðasamstarf.

Nú verðum við að sýna afdráttarlausu samstöðu. Það veit enginn hvert atburðarásin þróast. Ég vona að alþjóðasamfélaginu takist að tryggja fríðsamlega lendingu og róa stöðuna. En Þúttin þarf að mæta af fyllstu hörku. Um er að ræða stærsta prófstein á NATO hingað til. Kalda stríðið kann að falla í skuggann af því sem koma skal. ■



Yfirgangur Rússa gagnvart frjálsri og fullvalda þjóð er ein mesta ógn vestrænna lýðræðisríkja og Evrópu í langan tíma.

**VELDU GÆÐI!**

Þú færð gómsætar bollur hjá okkur

**BJÖRNSBAKARI**  
Sími: 561 1433

mánudaga-föstudaga 7.30 - 17.30  
laugardaga 8.00 - 16.00  
sunnudaga 9.00 - 16.00

Austurströnd 14 • Hringbraut 35  
www.bjornsbakari.is

# Hvað gerist?

## Í dag



Guðmundur Steingrímsson

Krossgötur. Það orð kom fyrst upp í hugann í gærmorgun. Veðrið var loksins þokkalegt á milli tveggja storma. Heiðskír himinn yfir snævi þakinni jörð. Í kjölfar fréttu af afléttingum sóttvarnar-ráðstafana vafræði hugurinn yfir kaffibollanum til baka tvö ár, til febrúarloka árið 2020, þegar fyrsta smitið greindist á Íslandi og blaðamannafundur var haldinn sem þróaðist fljótt upp í einhvers konar útgáfu af samkvæmisleiknum „Hver er maðurinn?“. Ég man að mér fannst það smá spaugilegt, þótt tíðindin hafi verið ugðvænleg. Og ég hugsaði líka til baka til fyrir-sagnarinnar í bresku götublaði sem ég rak augun í á ferðalagi um London þá nokkru fyrr, í janúarlok, um að „Killer virus“ væri kominn til Bretlands. Ég man að mér fannst það svolítið æsifréttalegt.

En svo tóku við tvö undarleg ár. Fordæmalausir tímar, var jú sagt, svolítið oft. Minningarnar eru enn í úrvinnslubakkanum í heilabúinu. Maður er enn að melta þetta, giska vankaður; allar þessar nýju aðstæður sem tóku við og hafa verið hluti af daglegu lífi í þessi tvö ár. Maður að tala við vin á förnun vegi í roki og passa sig á að fara ekki nær honum en tvo metra. Maður að tala við fólk af svölunum í sjálfskipaðri sóttkví í fyrstu bylgju. Maður í jólabúbbu. Maður að ferðast innanhúss um páskana, að kaupa mat fyrir smitaða vini og setja á útidyratröppurnar, að

gúggla muninn á KN95-grímum og FFP2-grímum, að uppgötva með sjálfum sér nýyrðið cóviti á sama tíma og allir aðrir. Að hætta við matarboð út af því að samkomutakmarkanir fóru niður í 10. Að horfa á upplýsingafund.

Krossgötur. Í þeirri sömu andrá og hugurinn vafrar ljúfsár en vöngóður um þessi furðulegu tvö ár sem liðin eru í heimsfaraldri — á þessum ánægjulegu tímamótum afléttinga — kallar annað óneitanlega á athyglina líka á þessari stundu, svo tilfinningarnar eru æði blendnar. Það er erfitt að átta sig á í hvorn fótinn eigi að stíga, tilfinningalega. Er bjartsýni víðeigandi? Svartsýni? Von eða böf?

Pútín þurfti sem sagt endilega að ráðast inn í Úkraínu. Hann þurfti að fara í stríð. Heimsfaraldrar og stormviðvaranir koma og fara en vænisjúkir einræðisherrar virðist alltaf vera hluti af tilvistinni, með tilheyrandi kvalræði og óskunda. Mikið væri gott ef hægt væri að aflétta þeim líka með minnisblaði.

Í þessu tvíþætta tilfinninga-ástandi á tímamótum, milli vonar og ótta, rennur vissulega að manni sá grunur að krossgötur séu ekki einungis sálarlegar í hugarfylgsnum einstakra manneskja heldur séu þær beinlínis veraldarsögulegar. Getur verið að heimsmyndin sé að þróað beint fyrir framan nefið á okkur og tímarnir sem við lifum séu örlagarikari en maður hefur gert sér í hugarlund? Upp úr heimsfaraldri rís



## Í þessu tvíþætta tilfinninga-ástandi á tímamótum, milli vonar og ótta, rennur vissulega að manni sá grunur að krossgötur séu ekki einungis sálarlegar í hugarfylgsnum einstakra manneskja heldur séu þær beinlínis veraldarsögulegar.

vönkuð veröld en að mörgu leyti sameinaðri en nokkru sinni fyrr, eftir viðureign við sameiginlegan fjanda. Á meðan á því stóð hriktili vissulega í alls konar stöðum, en Evrópusamstarfið til dæmis stóðst raunina og Bandaríkin liðuðust heldur ekki í sundur. Langt er síðan vestrænar þjóðir hafa talað svo einróma, birst svo sameinaðar, eins og nú gagnvart innrásartíðindum vikunnar.

Á sama tíma berast þingir af því að almenningur í Rússlandi skilji hvorki upp né niður í leiðtoga sínum. Þrátt fyrir allt hafi Pútín verið talinn raunsær, varfærinn og klókur og því ekki í takti við ímynd hans heima fyrir að efna til væringa gagnvart friðsamri

frændþjóð, allsherjarstýrjaldar með loftárásu, skriðdrekaþrótti og dauðsföllum. Á fólk að senda börn sín á víglínu út af þessu? Og til hvers? Markmiðið er óljóst. Fólk er ringlað. Hvað hyggst Pútín fyrir með Úkraínu að þessu loknu?

Kemur þá ekki á daginn, við frekari lestur fregna, að hvíslað hefur verið um það undanfarið að hinn mikli leiðtogi, svokallaði, hafi í heimsfaraldrinum einangrað sig meira en góðu hófi gegnir. Hann hafi þróað með sér alls kyns ranghugmyndir og fjarstæðukenndar söguskýringar í sóttkví. Auðvitað bara kenning, en kannski ekki ólíkleg. Fáir skilja hvað býr að baki þessum stríðsrekstri. Að skilja þennan harmleik virðist snúast um að skilja Pútín. Og kannski bara gekk hann sem sagt af göflunum í heimsfaraldri.

Þá leyfist manni að vona. Kannski mun almenningur í Rússlandi loksins rísa upp og steypa yfirboðara sínum af stóli. Þetta eru möguleikarnir: Mun upp úr þessum væringum rísa mannkyn sem vill fagna árangri af samstiga viðureignum við sameiginlegar hættur – og ekki mun þær skorta á 21. öldinni – eða mun rísa upp úr þessu brótti einhvers konar skotgrafakraðak, þar sem þjóðir stinga augun hver úr annarri í vitfirringalegu styrjaldarbrótti af engum augljósum ástæðum og með ekkert að markmiði nema tómíð?

Ég held hið fyrra, en óvissan er megn. Því, krossgötur. ■

# Aðalfundur Sýnar hf.

Aðalfundur Sýnar hf. verður haldinn föstudaginn 18. mars 2022 kl. 15:00. Fundurinn verður rafrænn og honum streymt frá Suðurlandsbraut 8, 108 Reykjavík, en hluthafar sem það kjósa eru jafnframt velkomnir á fundarstað.

## Dagskrá fundarins:

1. Skýrsla stjórnar félagsins um starfsemi þess á liðnu starfsári.
2. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár lagður fram til staðfestingar.
3. Ákvörðun um hvernig skuli fara með afkomu félagsins á reikningsárinu 2021
4. Tillaga um lækun hlutafjár vegna kaupa á eigin hlutum
5. Tillaga um breytingar á samþykktum félagsins, sem felur í sér:
  - a) Að lækka hlutafé félagsins vegna kaupa á eigin hlutum
  - b) Að heimila félaginu kaup á eigin hlutum, sem verður viðauki við samþykktirnar.
6. Tillaga um stefnu um arðgreiðslur og/eða endurkaup eigin hluta.
7. Tillaga um starfskjarastefnu félagsins.
8. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna fyrir komandi starfsár.
9. Kosning stjórnar félagsins.
10. Kosning tveggja fulltrúa í tilnefningarnefnd félagsins í samræmi við starfsreglur stjórnar og starfsreglur tilnefningarnefndar.
11. Kosning endurskoðenda félagsins.
12. Önnur mál löglega upp borin.

## Upplýsingar fyrir hluthafa:

Heildarþjöldi hluta í félaginu hinn 18. febrúar 2022 er 296.441.474 hlutir og jafnmörg atkvæði.

## Aðrar upplýsingar:

Stjórn Sýnar hf. hefur ákveðið að aðalfundurinn verði rafrænn, þ.e. hluthafar munu taka þátt í fundinum með rafrænum hætti gegnum aðalfundarkerfi Lumi AGM. Rafræn þátttaka mun því jafngilda mætingu á fundinn og veita þátttöku í honum að öðru leyti.

Hluthafar eða umboðsmenn hluthafa sem hafa hug á að sækja fundinn, hvort sem þeir ætla að mæta á fundarstað eða fylgjast með fundinum í vefstreymi, þurfa að skrá sig til að nálgast aðgangsupplýsingar á vefsvæðinu: [lumiconnect.com/meeting/syn](https://lumiconnect.com/meeting/syn) Skráning fer **eingöngu** fram með þessum rafræna hætti. Hluthafar eru beðnir um að skrá sig tímanlega á fundinn og **eigi síðar en kl. 18:00 þann 17. mars 2022, daginn fyrir fundardag**, þar sem ekki er hægt að tryggja aðgang að fundinum berist skráning eftir þann tíma.

Þeir sem skrá sig til fundar með rafrænum hætti fá aðgang að streymi af fundinum, geta kosið rafrænt og borið upp skriflegar spurningar. Atkvæðagreiðsla á fundinum mun eingöngu fara fram í gegnum aðalfundarkerfi Lumi AGM. Allir hluthafar, hvort sem þeir mæta til fundarins á fundarstað eða taka þátt með rafrænum hætti, geta greitt atkvæði í gegnum vefslóð Lumi AGM á tölvu eða spjaldtölvu. Nánari upplýsingar um skráningu á fundinn og rafræna þátttöku verður að finna á heimasíðu félagsins: [syn.is/fjarfestatengsl/adalfundur](https://syn.is/fjarfestatengsl/adalfundur)

Hluthafi getur látið umboðsmann sækja hluthafafund fyrir sína hönd. Umboðsmaður skal leggja fram skriflegt eða rafrænt umboð og skal það dagsett. Umboðum skal skila við skráningu á fundinn á slóðinni: [lumiconnect.com/meeting/syn](https://lumiconnect.com/meeting/syn)

Óski hluthafi eftir að koma máli eða tillögu á dagskrá aðalfundar skal slík beiðni koma fram eigi síðar en tveimur vikum fyrir aðalfund, eða fyrir kl. 15:00 föstudaginn 4. mars 2022.

Skjöl og tillögur sem lagðar verða fyrir aðalfund verður að finna á vefsíðu félagsins [syn.is/fjarfestatengsl/adalfundur](https://syn.is/fjarfestatengsl/adalfundur). Fundurinn fer fram á íslensku og verða fundargögn jafnframt að mestu leyti á íslensku.

Endanleg dagskrá og tillögur verða birtar tveimur vikum fyrir fundinn.

Sérstök tilnefningarnefnd hefur verið að störfum í samræmi við starfsreglur stjórnar og tilnefningarnefndar. Hluthafar og aðrir sem óska eftir tilnefningu nefndarinnar til framboðs til stjórnar að aðalfundi félagsins hafa átt þess kost að koma áhuga sínum og eftir atvikum framboði á framfæri við nefndina. Skýrsla tilnefningarnefndar er send kauphöll samhliða fundarboði þessu. Tveir stjórnarmanna, Sigríður Vala Halldórsdóttir og Tanya Zharov, hafa ákveðið að gefa ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu. Með fyrirvara um að stjórn staðfesti lögmæti hlutaðeigandi framboða leggur tilnefningarnefnd til að eftirfarandi framboðendur, í stafrófsröð, verði kosnir í aðalstjórn félagsins á aðalfundi: Hjörleifur Pálsson, Magnús Geir Þórðarson, Páll Gíslason, Petrea Ingileif Guðmundsdóttir og Sesselía Birgisdóttir. Jafnframt leggur nefndin til að þau Óli Rúnar Jónsson og Salóme Guðmundsdóttir verði kjörin til setu í varastjórn.

Eftir sem áður er unnt að tilkynna um framboð til stjórnar skriflega minnstfimm sólarhringum fyrir aðalfund, sbr. 63. gr. a. hlutafélagalaga nr. 2/1995 eða fyrir kl. 15 mánudaginn 14. mars 2022. Framboð skulu berast á netfangið: [tilnefningarnefnd@syn.is](mailto:tilnefningarnefnd@syn.is)

Í samræmi við starfsreglur stjórnar og starfsreglur tilnefningarnefndar gefst hluthöfum tækifæri til að kjósa tvo af þremur fulltrúum í tilnefningarnefnd. Framboðsfrestur til tilnefningarnefndar er til kl. 15 mánudaginn 14. mars 2021 og ber að skila framboðum á netfangið: [tilnefningarnefnd@syn.is](mailto:tilnefningarnefnd@syn.is)

Reglur um stjórnarkjör gilda eftir því sem við getur átt um kosningu tilnefningarnefndarfulltrúanna.

Endanlegar upplýsingar um framboðendur til stjórnar verða birtar eigi síðar en tveimur dögum fyrir aðalfund.

Allar nánari upplýsingar verður að finna á heimasíðu félagsins [syn.is/fjarfestatengsl/adalfundur](https://syn.is/fjarfestatengsl/adalfundur). Aðalfundur og helstu fundargögn verða á íslensku.

Stjórn Sýnar hf.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Bertha María Grímsdóttir Waagfjörð**

Ísafold, Strikinu 3, Garðabæ,

lést á hjúkrunarheimilinu Ísafold laugardaginn 12. febrúar. Útför fer fram frá Vídalinskirkju mánudaginn 28. febrúar klukkan 13.00. Kærar þakkir til starfsfólks Ísafoldar fyrir hlýju og góða umönnun.

Hægt er að nálgast streymið frá athöfninni hér: <https://youtu.be/dYbFwXjyEDk>

Halldór Waagfjörð  
Kristinn Waagfjörð  
Grimur Rúnar Waagfjörð  
Þorsteinn Waagfjörð  
Rósa María Waagfjörð  
Már Viktor Jónsson

Birna Ben  
Hjördís Sigmundsdóttir  
Helga Gunnarsdóttir  
Sigrún Snædal Logadóttir  
Einar Ingason

barnabörn og barnabarnabörn.



Yndislegi pabbi minn, ástkær sonur okkar, bróðir, mágur og frændi,

**Gunnar Sigurbjörn Indriðason**

lést þann 16. febrúar 2022.

Ljúfar minningar um ástríkan pabba, son, kærleiksríkan bróður og frænda, mun ávallt lifa í hjörtum okkar. Yndislegur, hlýr, hjálpsamur og umfram allt umhyggjusamur fjölskyldumaður. Við elskum þig. Góða ferð, elskurinn okkar.

Rakel Mist Gunnarsdóttir

Kolbrún Ævarsdóttir Jón Pétursson  
Sígurrós Yrja Jónsdóttir Elmar Þór Björnsson  
Ævar Indriðason  
Pétur Jónsson  
Kara Mist Jónsdóttir Jonas Nørskov  
Darri, Máni, Rökkvi, Bastian Björn og Birnir Sölvi



Okkar kæra frænka,

**Nanna Franklinsdóttir**

sem lést á sjúkrahúsinu á Siglufirði föstudaginn 11. febrúar, verður jarðsungen frá Siglufjarðarkirkju laugardaginn 26. febrúar klukkan 14.

Blóm og kransar afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast Nönnu er bent á styrktarsjóð við sjúkrahúsið á Siglufirði, kt. 491213-0860, reikn. 0348-13-300089.

Streymt verður frá athöfninni: <https://www.youtube.com/watch?v=cESUXkgkY7c>

Fyrir hönd ættingja og vina,  
Guðmundur Albertsson  
Óskar Albertsson  
Sigurmar Albertsson



Elskulegur frændi okkar,  
**Sigfús Brynjólfsson**

fv. leigubifreiðastjóri, áður til heimilis að Skeiðarvogi 20,

lést á hjúkrunarheimilinu Eir 20. febrúar. Útförin fer fram frá Langholtskirkju mánudaginn 28. febrúar kl. 13.

F.h. aðstandenda,  
Brynja Áslaug Sigurðardóttir  
Hörður Fossberg Harðarson



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, afi og langafi,

**Jóhann Gunnar Friðjónsson**

lést á hjúkrunarheimilinu Eir þann 17. febrúar sl.

Útför hans verður kl. 15.00 í Grafarvogskirkju, þann 2. mars nk. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélagið.

Ólafía Egilsdóttir og fjölskylda



Þorsteinn Eggertsson á æfingu fyrir tónleika kvöldsins, ásamt ektafrú sinni Jónhönnu Fjólú Ólafsdóttur, en áttæður ætla hann að æra Salinn í Kópavogi í kvöld.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Textaskáld Íslands er áttætt

Þegar dægurlagasaga Íslendinga er skoðuð má heita svo að Þorsteinn Eggertsson sé þjóðskáld Íslendinga. Enginn textasmiður á landinu hefur sett saman jafn mörg söngkvæði og Suðurnesjamaðurinn síkati sem fagnar áttæðisafmæli í dag.

ser@frettabladid.is

Og hann vílar ekki fyrir sér alla áratuginu sem eru að baki, heldur ætla hann sér að fara mikinn með hljóðnemann á lofti í Salnum í Kópavogi í kvöld, svona í tilefni dagsins, en stífar æfingar hafa farið fram í húsakynnum Félags íslenskra hljómlistarmanna undanfarna daga, „enda má ekkert klikka þegar rokkið er annars vegar,“ eins og hann segir, glaður í bragði og fullur tilhlökkunar.

### Fæddur heima hjá afa og ömmu

Hann er fæddur í Túngötu 10 í Keflavík 25. febrúar 1942, „í hvorki meira né minna en miðri heimsstyrjöld,“ eins og hann orðar það, en Ísland var þá hernúmið land af Bretum og síðar Bandaríkjamönnum.

Túngatan var heimili afa hans og ömmu, en foreldrar Þorsteins voru þá að byggja sér hús úti í Garði sem varð leikvöllur kappans frá því á öðru ári fram að fermingu, en þá flutti fjölskyldan aftur til Keflavíkur.

Þorsteinn er frumburður foreldra sinna, þeirra Guðrúnar Jónsdóttur matráðs á Sjúkrahúsinu í Keflavík og Eggerts Jónssonar, sjómanns og síðar pípulagningamanns í bænum, en þau áttu síðar eftir að eignast Guðfinnu og Jón Þorstein á sama áratug og Þorsteinn er fæddur á, en löngu seinna kom svo örverpið Guðrún í heiminn, herrans árið 1961.

### Þetta byrjaði með Kananum

Hann minnst æskuáranna með brosi sem nær ekki sist til augnanna, fjaran í Garðinum hafi verið besti leikvöllur í heimi – og svo þegar fjölskyldan flutti aftur til Keflavíkur hafi rokkið byrjað með slíkum látum að ekki varð aftur snúið.



Stundum þusa ég í henni Fjólú minni að þessi texti sem við erum að hlusta á í útvarpinu sé nú óttalegt torf. En þá hnippir hún í mig og segir að þetta sé nú raunar eftir mig.

„Þetta byrjaði náttúrliga með Kananum sem kom í bæinn á opnum jeppum og kastaði tyggjóbrefum yfir mannskapinn sem hafði náttúrliga aldrei upplifað annað eins,“ segir Þorsteinn og segir þessa æskuminningu enn þá standa sér ljóslifandi fyrir augum.

„Svo fór mamma að hækka í útvarpinu. Hún var ekki nema átján árum eldri en ég og rokkið hreif hana upp úr skónum við eldhúsbordið, rétt eins og mig náttúrliga, litlu yngri gaurinn – og saman fórum við að syngja hástöfum lög á borð Come on a my house með Rosemary Clooney „og guð minn almáttugur hvað okkur mæðginunum fannst gaman að taka undir,“ rifjar Þorsteinn upp.

Svo fór að heyrast í hverjum ameríska rokkaranum af öðrum – og Þorsteinn minnst sérstaklega grúppunnar The Deep River Boys en þeir gaurar vöktu fyrstir manna athygli á hinu ódauðlega lagi Rock around the Clock sem grúi rokkara hefur leikið eftir, svo til allar götur síðan.

### Allt breyttist með Ingimari Eydal

„En svo breyttist allt þegar ég kynnt-

ist Ingimar Eydal í Héraðsskólanum á Laugarvatni 1958, en hann hafði komið auga á fótstigið píano í einni kennslustofunni – og þá var ekki aftur snúið,“ segir Þorsteinn og segir að þar með hafi söngferillinn byrjað. Þeir Ingimar hafi spilað annan hvern laugardag í stofunni við mikla hrifningu – og stundum bættust svo þeir Gísli Johnsen og Jón Simonarson við með trompet og trommur „og það skipti náttúrliga öllu fyrir taktinn,“ segir Þorsteinn og kemst í gamalkunnann ham.

Harry Belafonte var mikið tekinn í byrjun „og hann var svo skýrmæltur að ég gat sungið hann á enskri tungu svo allir skildu,“ útskýrir Þorsteinn, en heldur hafi hlutirnir farið að flækjast þegar herma hafi átt eftir Elvis Presley og Little Richard, „en þeir voru svo óskýrir að ekki heyrðust orða skil,“ bætir hann við. Og teningunum var þá kastað.

„Ég byrjaði bara að semja mína eigin texta við lögin þeirra,“ rifjar hann upp og eftirleikinn þekkir íslenska þjóðin sem æ síðan hefur sungið texta Þorsteins, sem fyrir langa löngu eru orðnir sigildir á samkomum fólks.

### Man ekki fjölda textanna

Hann man ekkert hvað hann er búinn að semja marga texta fyrir Hljóma, Trúbrot, Brimkló, Þe Lónly Blú Bojs, Þú og ég og svo óendanlega margar grúppur aðrar og ótal marga tónlistarmenn, en „maður hættir að telja þegar textarnir eru orðnir nokkur hundruð,“ segir hann af alkunnri hógværð sinni.

„Stundum þusa ég í henni Fjólú minni,“ segir Þorsteinn og á við heitelskaða Jónhönnu Fjólú Ólafsdóttur „að þessi texti sem við erum að hlusta á í útvarpinu sé nú óttalegt torf. En þá hnippir hún í mig og segir að þetta sé nú raunar eftir mig. Og þá skelli ég bara upp úr, segi sí sona að maður geti nú ekki munað eftir öllu sem maður hefur gert,“ segir afmælisbarnið sem á von á gestum í Safnaðarheimili Kópavogskirkju klukkan 16.00 í dag, en tónleikarnir hefjast svo í Salnum klukkan 20.00 í kvöld. ■



FORLAGIÐ

Alltaf opið á [www.forlagid.is](http://www.forlagid.is)

FÖSTUDAGUR 25. febrúar 2022



Hljómsveitin MOVE heldur tónleika í kvöld á Skuggabaldri. MYND/SPESSI

## Spennandi djasstónleikar

starri@frettablad.id.is

MOVE, kvartett Óskars Guðjónssonar, heldur tónleika á Skuggabaldri í Reykjavík í kvöld.

Óskar þarf vart að kynna fyrir tónlistaráhugafólki en hann hefur verið eftirsóttur saxófónleikari hér á landi í mörg ár. Á sínum tíma vildi Óskar takast á við sígildasta form djasstónlistar, lúður með píanótríói. Hann stofnaði því kvartettinn MOVE með Eyþóri Gunnarssyni píanóleikara, Valdimar Kolbeini Sigurjónssyni kontrabassaleikara og Matthíasi M.D. Hemstock trommuleikara. Þeir hafa æft vikulega frá árinu 2017 og leita leiða til að nálgast eigið efni með eigin aðferðum og allri þeirri fjölbreytni sem þeir finna upp á.

Fjórmenningarnir eru allir þekktir í íslensku tónlistarlífi og hafa skapað sér sérstöðu með persónulegri nálgun á fjölbreyttustu viðfangsefni.

Utan hljómsveitarinnar MOVE heldur Óskar einnig úti hljómsveitinni ADHD ásamt bróður sínum Ómari Guðjónssyni gítarleikara, Magnúsi Trygvason Eliassen trommuleikara og Tómasi Jónssyni hljómborðsleikara. Sveitin hefur gefið í sjó plötur.

Tónleikarnir hefjast klukkan 20 í kvöld, föstudagskvöld. Ekkert kostar inn og hægt er panta borð og veitingar á Facebook-síðu Skuggabaldurs eða í síma 774-0801.

Skuggabaldur er til húsa í Pósthússtræti 9, 101 Reykjavík. ■



Björk Guðmundsdóttir er nýútskrifuð leikkona frá Listaháskóla Íslands. Björk hefur ekki setið auðum höndum undanfarið og stefnir á að sýna einleik þar sem hún fetar í fótspor engrar annarrar en Carey Mulligan. Auk þess kemur hún reglulega fram með Improv Ísland og heldur úti hlaðvarpi. MYND/SAGA SIGURDARDÓTTIR

## Skrítið fullorðið fólk

Leikkonan Björk Guðmundsdóttir hefur haft nóg að gera frá útskrift síðasta sumar. Í sumar ætlar hún að ferðast um landið með einleik sem Annalísa Hermannsdóttir leikstýrir. En saman halda þær úti hlaðvarpinu Þetta fullorðna fólk er svo skrítið. **2**

POWERFUL NUTRITION  
FROM PLANTS**HEILBRIGÐ  
MELTING**[www.celsus.is](http://www.celsus.is) / apótek, Hagkaup og víðar



**Sandra Guðrún**  
sandragudrun  
@frettabladid.is

Björk útskrifaðist sem leikkona frá Listaháskóla Íslands síðastliðið sumar og hefur verið dugleg að skapa sér ýmis verkefni síðan þá, enda segir hún ekki hlaupið að því að fá inni í leikhúsunum á Covid-tímum. Hún hefur bakgrunn í spuna en þegar hún komst ekki inn í Listaháskólann í fyrstu tilraun fór hún á spunanámskeið hjá Dóru Jóhannsdóttur í Improv Ísland. Eftir það varð ekki aftur snúið og hún hefur sýnt spuna með leikhópnum í sex ár.

„Ég hélt áfram að sýna með Improv Ísland á meðan ég var í náminu í Listaháskólanum. Það er svolítið mín leið til að fá útrás og taka lífið ekki of alvarlega. Að geta farið í allra kvikinda líki eina kvöldstund án þess að ritskoða sig,“ segir hún.

„Ég hef tvisvar farið með Improv Ísland á stærstu spunahátíð í Bandaríkjunum til að sýna með þeim. Það var ótrúlega góð reynsla. En það var líka góð reynsla að fá að sýna fyrir fullum sal í Þjóðleikhúskjallaranum alla miðvikudaga áður en ég útskrifaðist sem leikkona. Að læra að vera ekki hrædd við að standa á sviði og gera mistök heldur nýta þau bara í eitthvað gott.“

Björk segir námið í LHÍ hafa verið krefjandi og til þess að komast í gegnum það hafi hún þurft að fara í mikla sjálfsskoðun, vera tilbúin að horfa inn á við og berskjaldast sig.

„Ég hef alltaf viljað leika. Ég var í Herranótt öll árin mín í MR en ég komst ekki inn í leiklist í Listaháskólanum fyrr en í þriðju tilraun. Eins og reyndar helmingurinn af bekknum mínum. Ég fór í Improv til þess að verða betri fyrir næstu prufu en ég ætlaði ekkert að verða spunaleikkona líka. Það var bara gjöf í þessum erfiðleikum við að komast inn,“ segir Björk og bætir við að þegar hún loks komst inn í LHÍ hafi hún áttað sig á að svona hafi þetta einfaldlega átt að vera. Hún hafi þurft þennan tíma til að undirbúa sig og nú var hún komin í bekk með rétta fólkinu.

### Kómískt en stingur í hjartað

Björk er hluti af sviðslistahópnum Fullorðið fólk, ásamt Önnulísu Hermannsdóttur vinkonu sinni og leikstjóra. Annalísa útskrifaðist líka frá LHÍ síðastliðið sumar, af sviðshöfundabraut. Júlíana Kristín Liborius Jónsdóttir er framkvæmdastjóri hópsins.

„Við ætlum að ferðast um landið í sumar með einleik. Hann heitir Girls and Boys á ensku en íslenski titillinn er Stelpur og strákar. Við fengum Matthías Tryggvason til að þýða verkið fyrir okkur,“ útskýrir Björk, en hún mun leika í verkinu og Annalísa leikstýrir.



Björk er nýgift en þau hjónin eru á leið til Bandaríkjanna þar sem hann ætlar að verða sérnámslæknir í almennum skurðlækningum og hún stefnir á að leika.

MYNDIR/  
GUNNLÖB JÓNA  
RÚNARSÐÓTTIR



Björk leikur í einstaklingsverkefni sínu í Listaháskóla Íslands.

Þetta er einleikur eftir Dennis Kelly en Carey Mulligan var sú fyrsta til að leika þetta hlutverk. Björk segist hafa haft samband við umboðsmann Dennis Kelly en bjóst ekki við neinu. Svo fékk hún tölvupóst viku seinna um að hún væri komin með réttinn á verkinu.

„Þetta eru svolítið stór fótspor að feta í því Carey Mulligan er náttúrulega geggjúð leikkona. Ég geri mér grein fyrir því hversu stórt verkefni þetta verður. En ég er alveg tilbúin að fá smá áskorun í líf mitt til að stækka sem leikkona og listakona,“ segir Björk ánægð.

„Verkið er ofboðslega mikilvæg saga um ofbeldi gegn konum. Ég hlakka til að sýna fólkinu á landinu þetta verk. Það er líka svo skemmtilegt. Það byrjar með kómiskum yfirbragði, en það er náttúrulega mín sérgrein eftir að hafa verið í spunanum í sex ár. Svo tekur verkið tvist í miðjunni og fer alveg inn í dramað og stingur mann svolítið í hjartað.“

Æfingar á einleikum hefjast í mars. Stefnan er að frumsýna hann í Mengi seinni hlutann í maí og leggja svo af stað í ferðalag um landið með hann.

„Júlíana, framkvæmdastjórinn okkar, er algjör negla. Hún er búin að vera að skipuleggja ferðina okkar í kringum landið og bóka okkur hér og þar. Við erum búnar að sækja um styrki víðs vegar



Björk og Annalísa halda úti hlaðvarpi saman og spjalla við góða gesti.

um landið og erum búnar að fá einn styrk frá Uppbyggingarsjóði Vesturlands. Það er bara geggjáð að fólki skuli vilja styrkja svona verkefni. Við erum svo bara að biða eftir svörum frá fleiri sjóðum. Mér finnst svo mikilvægt að sýna þennan einleik og líður bara eins og það hafi átt að gerast, af því ég fékk réttinn á verkinu,“ segir Björk spennt.

### Hlaðvarp um hegðun fólks

Þær Björk og Annalísa eru með ýmis fleiri járn í eldinum, en í janúar fóru þær af stað með hlaðvarp sem heitir: Þetta fullorðna fólk er svo skrítið.

„Í hlaðvarpinu erum við að reyna að kryfja hvers vegna fólk gerir það sem það gerir. Hugmyndin kom af því við sóttum um styrk í sviðslistasjóð með verk þar sem okkur langaði að kryfja það af hverju fólk er svona mikil hjarðdýr. Af hverju við erum með svona mikla hjarðhegðun. Út frá því vöknudu fleiri spurningar eins og: Af hverju er mannfólk að gera alla þessa skrítnu hluti? Rauði þráðurinn í hlaðvarpinu okkar er þessar spurningar. En við fáum alls kyns fólk til okkar til að spjalla og fræðast,“ segir Björk, en gestir í þáttunum hingað til hafa meðal annars verið leikkonurnar Helga Braga og Halldóra Geirharðsdóttir. „Við spurðum Halldóru Geir-

” Markmið mitt er bara að fá að leika og segja þessar sögur sem eru mikilvægar.

Björk Guðmundsdóttir

harðs meðal annars af hverju hún vildi verða leikkona og af hverju fólk setti leikara á einhvern stall. En Halldóra útskýrði það vel. Hún talaði meðal annars um að leikarar séu samfélagslegur spegill. Fólk speglar sig í sögunum sem þeir segja. En það er best að hlusta á þáttinn til að heyra hvað hún segir,“ segir Björk.

„Sunneva Einars er búin að samþykkja að koma í þáttinn okkar seinna, en hún ætlar að tala við okkur um samfélagsmiðla og hvernig þeir hafa áhrif á sjálfsmyndina. Ari Eldjárn verður líka gestur hjá okkur og fleira skemmtilegt fólk er væntanlegt í þáttinn.“

Þáttirnir eru alltaf á mánudögum klukkan 16.00 á Útvarpi 101 og eru einnig aðgengilegir á helstu streymisveitum. En það er margt fleira á dagskrá hjá Björk en einleikur og hlaðvarp. Hún er nýgift og er núna stödd í Bandaríkjunum með manninum sínum sem stefnir að því að verða sérnámslæknir í almennum skurðlækningum þar úti.

„Við erum þess vegna að fara að flytja út og ég er þegar búin að tala við einn leikhússtjóra í Dartmouth um að setja einleikinn upp úti. En það er allt á byrjunarstigi. Markmið mitt er bara að fá að leika og fá að segja þessar sögur sem eru mikilvægar. Hvort sem það er í Bandaríkjunum eða á Ísafirði.“ ■

**Öflugur & náttúrulegur flensubani**

- Inniheldur hreint engifer & c-vítamín
- Kröftug blanda sem kemur þér í gegnum veturinn með bros á vör

**ICEHERBS**  
NATURAL SUPPLEMENTS

**C-vítamín & engifer**

**C-500 mg.**  
Náttúrulegur flensubani  
60 HYLLI | FÆÐUBÓTAREFNI

Allt er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundin ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf  
Ábyrgðarmaður: Jón Þórisson

Umsjónarmenn efnis: Elin Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is, s. 550 5766 | Sandra Guðrún Guðmundsdóttir, sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | Starri Freyr Jónsson, starri@frettabladid.is, s. 550 5767 | Þóris Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

# FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM FYRIR VORIÐ

Fallegar og vandaðar vörur í stærðum 42-58  
Sjáðu úrvalið í netverslun Curvy.is  
Eða komdu í verslun Curvy við Grensásveg

Curvy 



A-sniðs Túnika  
frá Zizzi  
**5.990 kr**



Amy Cropped  
gallabuxur frá Zizzi  
**7.990 kr**



Síð peysa  
frá Zizzi  
**7.990 kr**

Amy Stretch  
gallabuxur frá Zizzi  
**6.990 kr**



Stutterma bolur  
frá Zizzi  
**2.990 kr**



Galla túnika  
frá Zizzi  
**8.990 kr**

# Góí elskar kaldan steiktan fisk á smurbrauði



Sjöfn  
Þórðardóttir  
sjofn  
@frettabladid.is

Verbúðin hefur átt hug og hjórtu landsmanna undanfarnar vikur og þeir tekið ástfóstri við persónur þáttanna. Góí Karlsson leikur Einar, eiginmann Freydísar, og nutu þau mikilla vinsælda bæði sem persónur og fyrir hug sinn til samfélagsins.

Tekið var eftir í þáttunum hversu vel náðist að fanga tíðarandann, hvort sem það var samfélagið í heild, klæðaburðurinn eða matseld. Ýmislegt var í boði í þáttunum sem vakti upp minningar um drykkjar- og matarvenjur fólks hér árum áður. Við fengum Góa til að leyfa lesendum að skyggjast aðeins inn í hans hefðir og síði í matargerð.

„Við hjónin elskum að búa til og ekki síður að borða góðan mat. Það er eitthvað svo ótrúlega heilandi að standa í eldhúsinu og möndla einhverja dýrindis máltíð. En við erum líka ótrúlega dugleg að klára matinn. Hér er engu hent. Inga, kona mín, er snillingur í að áætla magn af því sem við þurfum þannig að það er ekki matarskortur á heimilinu og aldrei sóun, sem er mjög mikið atriði. En þegar það er afgangur þá græjum við eitthvað gott úr honum,“ segir Góí.

## Geggjuð nostalgia

Góí á sína uppáhaldsrétti sem minna á níunda áratuginn. „Pyttipanna er auðvitað algjör klassík og þínu níunda áratugar stemning. Demba öllu á pönnu og henda svo kannski einu spældu eggi yfir og matur gærdagsins umbreytist í mat dagsins í dag. Ég er reyndar svo skritinn að mér finnst fátt betra en kaldur matur daginn eftir. Í sérstöku uppáhaldi er steiktur fiskur í raspi, kaldur daginn eftir. Set afganginn á brauð, sker kaldar kartöflur í þunnar sneiðar, steiktan lauk, remúlaði og súrar gúrkur. Þetta er hið himneska smørrebrød. Stundum þegar ég er í miklu stuði geri ég remúlaðið sjálfur.

Það er þínu eitis nostalgia í þessu hjá mér því ég man vel eftir þegar ég fór í Freyjubúðina sem gutti til að kaupa ýsuflok af Halla og svo fékk ég að skrifa hjá Konný, algjör lúxus að vera með kaupmann á horninu sem hægt var að skrifa hjá. Það var nú reyndar kaupmaður á hverju horni þarna sem gerði þetta enn meiri lúxus. En svo þegar heim var komið þá velti mamma flökunum upp úr eggi og raspi og steikti. Herramannsmatur. En daginn eftir var hátíð því þá var steikti fiskurinn borinn fram



Uppáhaldsrétturinn er brauð með steiktum fiski í raspi með kartöflum og lauk.

MYND/ADSEND

á brauði. Ég hljóp heim úr skólanum og pabbi græjaði þetta fyrir okkur í hádeginu. Þannig að það er geggjuð nostalgia tengd þessari uppskrift.“

## Einar borðaði aldrei í mynd

„Maturinn sem við fengum á tókustað Verbúðarinnar var ekki í anda tímabilsins. Það var nú bara strangheidarlegur matur, samlokur, ávextir og nóg af kaffi. Þetta er svona standard á setti. Kaffi og majó. Ég held að Einar blessaður borði aldrei í mynd en hann drekkur kaffi og reykir ótæpilega og svo drekkur hann auðvitað sódashream með bragðefni og svo auðvitað bláu bolluna.“

Ýmiss konar matur og drykkur er



Góí nostrar við réttinn áður en hann er snæddur.

í boði í þáttunum, smökkuðuð þið allt?

„Drykkina smakkaði ég því ég þurfti að drekka þá. Ég fékk ekki tækifæri til að smakka neitt af því sem var á boðstólum í þáttunum ef ég man rétt. Borðaði þeim mun meira af majó-samlokum og drakk enn meira af kaffi. En kannski er sá matur sem flestir tóku eftir svikinn héri sem Harpa bjó til fyrir Grím. Þetta er auðvitað matur sem var mikið eldaður á þessum tíma. Þá annað hvort með kjötfarsi eða hakki. Svo var beikoni vafið utan um. Það er nú reyndar saga að segja frá því að 1992 þá var ég 12 ára og bauð ömmu og afa í mat. Þá eldaði ég svikinn héra upp úr einhverri Disney-matreiðslubók. Þannig að það eru góðar minningar tengdar þessum rétti.“

Margir muna eftir bláu bollunni úr þáttunum. Var hún góð?

„Bláa bollan var ljómandi góð. Eins og Einar segir í þáttinum þá var ekkert afengisbragð af henni. Mig grunar að þau hafi sleppt því að setja vín í bolluna sem eru auðvitað glæpsamleg svik við áhorfendur. Það var eins með messuvínið sem var bara einhver sólberjasafi. Allt í plati.“

## Smørrebrød með steiktum fiski

Það er auðvitað allt leyfilegt í þessari uppskrift og ég mæli með því að hver og einn geri sína útgáfu. Samlokubrauð (má vera gróft brauð og ég hef líka notað sólkjarnarúgbrauð sem er mjög gott með þessu).

Mér finnst gott að smyrja brauðið með Dijon-sinnepi en það er einfaldlega vegna þess að ég elska sinnep. Það kemur líka svo gott bragð og þínu kikk af því. Svo set ég fiskinn ofan á. Ég sker kartöflurnar í þunnar sneiðar. Það má alveg sleppa kartöflunum. Kaldar kartöflur með köldum steiktum fiski er mjög gott. Mæli með. Svo er það sletta af remúlaði. Steiktur laukur. Oftast steiki ég hann sjálfur. Gott að láta hann brúnast alveg þannig að hann er á mörkunum að brenna. Þetta er spurning um sekúndu milli fullkomunar og hryllings. Þannig að um leið og laukurinn fer að taka lit þarf að fylgjast vel með og vera tilbúinn að kippa honum af pönnunni. Ég steiki hann upp úr smá oliu og smjöri.

Að lokum súrar gúrkur. Sýran með steikta fiskinum og lauknum býr til hið fullkomna bragð.

Búmm, ja! Tilbúið! Ég ætla ekki að gera lítið úr þessu því þetta er svo fljótlegt og einfalt, það er yfirleitt alltaf best. ■

## VELFERÐARÞJÓNUSTA

Fimmtudaginn 3. mars gefur Fréttablaðið út sérblað um Velferðarþjónustu.

Innan velferðarþjónustu eiga heima heimahjúkrun, velferðartækni, fjarheilbrigðisþjónusta, sjúkrapjálfun, endurhæfing, hjálpartæki og annað sem snýr að eldri borgurum og langveikum, en einnig margt sem viðkemur börnum. Síðustu 22 mánuðir hafa verið afar sérstakir svo ekki sé meira sagt og viljum við gera allri velferðarþjónustu góð skil.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.

Áhugasamir auglýsendur geta haft samband við:

Jóhann Waage, sölu- og markaðsfulltrúa  
Sími 550 5656 / johannwaage@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ





# ÚTKALL

## ÚTKALL

HEFST 8. MARS KL. 19.30

Í þáttunum fer höfundur yfir bækur sínar og fær til sín góða gesti sem hafa tengingu við eða upplifðu slysin sem um verður fjallað í hverjum þætti.



HRINGBRAUT

# Öryggismálin eru í forgrunni

Öryggismál skipta öllu máli fyrir starfsmenn í raf- og tækniönaði hér á landi. Nýlega var kynnt til sögunnar nýtt öryggisapp og fjöldi öryggisnámskeiða er í boði.

Rafmennt veitir þjónustu og sinnir fræðslu fyrir raf- og tækniönaðinn á Íslandi, en Rafmennt er í eigu Rafiðnaðarsambands Íslands og Samtaka rafverktaka. Utan þess að skipuleggja fyrirlestra og fjölbreytt námskeið á sviði endurmenntunar, og sjá um kennslu fagnámshluta meistarakólans, snýr stór hluti starfsemi Rafmenntar að öryggismálum félagsmanna, segir Þór Pálsson framkvæmdastjóri. „Öryggismál skipta félagsmenn okkar mjög miklu máli. Rafmennt sér um fjölda námskeiða er snúa að öryggismálum á ýmsum stigum og svo höfum við kynnt til sögunnar öryggisappið Rafmennt Öryggi.“ Appið er frítt og virkar bæði fyrir Android og iPhone.

## Umhverfið metið

Öryggisappið er ætlað starfandi rafíðnaðarmönnum og öðrum sem starfa í faginu, að hans sögn. „Þegar starfsmaður mætir á nýjan vinnustað, eða bara hefur nýjan vinnudag, þarf hann alltaf að skoða umhverfið sitt og meta aðstæður. Hann þarf að meta hvort hættur séu til staðar, hvort nota þurfi hjálm eða vera í belti, þarf að vinna á vinnupalli og svo framvegis. Í appinu getur hann hakað í gegnum spurningalista og sent verkstjóra eða öryggisfulltrúa fyrir tækisins skýrslu. Þannig að ef viðkomandi lendir í slysi eða óhappi sést að búíð var hugsanlega að benda á eitthvað sem var



ekki í lagi og að búíð hafi verið að benda á mögulegar úrlausnir. Læsa, merkja og prófa eru hugtök sem allir rafíðnaðarmenn þurfa að tileinka sér við vinnu sína. Læsa þarf úti spennu þannig að ekki verði sett spennu „óvart“ á greinar sem verið er að vinna við.“

Öll þessi vinna byggir einfaldlega á því að starfsmenn mæti til vinnu að morgni dags og komist heilir á húfi heim í lok dags. „Appið hentar því þeim sem vinna hefðbundinn vinnudag á verkstæði, eða þeim sem flækjast á milli staða þar sem þeir vinna við aðstæður sem þeir ráða ekki endilega yfir. Lík verkefni geta nefnilega verið unnin við gjörólíkar aðstæður. Að setja upp svið í Laugardalshöll eða í miðbæ Reykjavíkur, vinna við raflagnir í nýbyggingum eða eldri húsum, eru dæmi um skyld verk-

efni sem eru unnin við gjörólíkar aðstæður.“

## Fjöldi námskeiða í boði

Rafmennt stendur fyrir fjölda öryggisnámskeiða, að sögn Þórs. „Þau eru þrepaskipt og ætluð ólíkum hópum starfsfólks. Fyrst má nefna kunnáttumannanámskeið sem er grunnnámskeið fyrir til dæmis sumarstarfsmenn sem starfa hjá Landsneti og fleiri fyrirtækjum sem reka spennuvirki. Um er að ræða starfsfólk sem slær garðana og er í umhirdu, þrifum og þess háttar. Því er ekki hleypt inn á svæðið án þess að hafa sótt slík námskeið. Svo eru til dýpri námskeið, eins og rofastjórnánámskeið og námskeið í ljósbogahættum. Þau eru ætluð þeim sem starfa í spennistöðvum og við háa spennu, en starfsmenn í spennuvirkjum starfa

Öryggismál skipta öllu máli fyrir starfsmenn í raf- og tækniönaði hér á landi.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
ERNIR

oft við lífshættulegar aðstæður. Utan þeirra bjóðum við svo upp á fjölmörg önnur öryggisnámskeið.“

## Gagnlegt Evrópuverkefni

Oira – rafrænt áhættumat, er Evrópuverkefni sem gengur út á að áhættumeta stórar framkvæmdir. „Þegar á að leggja í stór kerfi, til dæmis blokkir eða stóra tónleika, þarf að gera áhættumat í upphafi verks.“ Verkefnið er styrkt af Evrópusambandinu, en þar má finna áhættumat fyrir alls konar iðngreinar og skrifstofustörf og allt þar á milli. „Áhættumat á sér stað víðar en margir gera sér grein fyrir. Við uppsetningu ýmissa listviðburða þarf til dæmis að fara í áhættumat því ýmislegt getur farið úrskeiðis. Leikari getur dottið úr rólu sem er hátt uppi eða labbað aftur á bak ofan í hljómsveitargryfjuna. Þannig að þetta snýst ekki bara um að setja upp sýningu eða tónleika, stundum eru hreinlega mannlíf í hættu.“

## Tilkynningaskyldar breytingar

Sprenging hefur orðið í rafbílaeign landsmanna undanfarin ár með tilheyrandi aukningu í uppsetningu hleðslustöðva við einbýli og fjölbýli, segir Þór. „Það er ekki fyrir hvern sem er að tengja hleðslustöðvar. Fara þarf inn í rafmagnstöflur flestra húsa og leggja nýja stofna að hleðslustöð frá töflu. Þetta er breyting á veitunni heima fyrir og er fyrir vikið tilkynningaskyld til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar. Það eru aðeins rafverktakar sem geta haft umsjón með slíkum verkefnum, klárað þau og tilkynnt, þótt verktakar og sveinar vinni verkið. Nánari upplýsingar um þetta má finna á vef Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar.“ ■

**Rafmennt sér um fjölda námskeiða er snúa að öryggismálum á ýmsum stigum og svo höfum við kynnt til sögunnar öryggisappið Rafmennt Öryggi.**



Þór Pálsson

Hvernig fara smáfuglarnir að þegar æti er undir hnausþykkum snjóalögum og appelsínugul eða rauð viðvörin dag eftir dag?

thordisg@frettabladid.is

„Þeir virðast finna sér góð skjól því það sem fyrir augu ber er ekki fuglar sem liggja út af eða sitja í hnipri. Í raun undrast maður hversu margir þeir eru, því það er mikið af fuglum á ferðinni,“ svarar Anna-María Lind Geirsdóttir, skrifstofu- og kynningarstjóri hjá Fuglavernd.


„Fuglar leita skjóls og náttstaðar í trjálundum og skógum, en besta skjólið er í barrtrjám. Heiðmörk er náttstaður margra fugla á höfuðborgarsvæðinu, en líka Elliðaárdalur, Fossvogur, Mosfellsdalur og Hafnarfjörður, á meðan hluti Reykjavíkur-krummannna sefur í klettum Esju,“ upplýsir Anna-María.

## Fuglar hafa nef fyrir fæðu

Nokkur ár eru síðan jafn mikill snjóávetur ríkti og sá sem nú er, og margir sem finna til með smáfuglum og óttast lífsbjörg þeirra í stormviðrum og linnulausum snjó.

„Staðfuglar hafa vanist umhverfinu og íslensku veðurfarinu en ég veit ekki hvað þeir gerðu í slíku árferði án matargjafa frá mannfólkinu. Landsmenn eru margir miklir fuglavinir og ákveðinn kjarni sem gefur alltaf fuglum, en væri ekkert fuglafóður myndi staðfuglum líklegast fækka að vetri og þeir sem eftir væru leitustu ætis í fjörum. Það gerir til dæmis tjaldurinn, sem er ekki garðfugl, en alltaf viss fjöldi af árið um kring,“ greinir Anna-María frá.

Í gördum á höfuðborgarsvæðinu eru mestmegnis starar, auðnutittlingar, snjótittlingar, skógarþrestir, svartþrestir og stöku gráþrestur.



# Smávinir fagrir og svangir

„Þessar fuglategundir pluma sig ágætlega í þéttbýli vegna fódurgjafa fólks. Starinn og skógarþrösturinn eru tækifærissinnar og borða það sem býðst, á meðan svartþrestir eru vandlátari sem og auðnutittlingur, sem á þysku kallast Birkenzeisig, sem gæti útlagst sem birkitittlingur því aðalfæða hans á veturna er birkifræ. Í fyrrahaust var lítill sem engin uppskera birkifræja á suðvesturhorninu og eru þar tvær kenningar á lofti, að sumarið áður hafi verið svo mikið af birkifræjum að birkið hafi hvílt sig, sem er vel þekkt staðreynd, eða að gosmistrið hafi mögulega haft þessi áhrif. Því hafa þeir sem gefa fuglum á suðvesturhorninu tekið eftir mun fleiri auðnutittlingum nú en áður, því þeir treysta á gjafir

og eru kresnir, vilja bara fræ,“ segir Anna-María sem hefur einnig frá fuglavinum í Bláskógabyggð og á Patreksfirði að óvenjumikið sé nú af auðnutittlingi á svæðinu því þar sé meira um birkifræ eftir sumarið.

„Fuglar hafa gott nef fyrir fæðu, þeir fljúga um og leita. Nú er hins vegar mjög hart í ári og við sjáum það á sölu fræja sem við seljum í heilu sekkjunum, og það sama á við um verslanir og birgja.“

## Mafiukerfi máva og æðarfugla

Anna-María segir mörgum annat um þessa fögru og söngelsku smávinu.

„Til að nýta sér gjafir manna þarf fuglum að finna þeir öruggir og fyrir því eru alls konar ástæður. Því getur tekið tíma að finna rétta staðinn og oft nóg að

Án matargjafa frá mannfólkinu ættu smáfuglar erfiðara með að lifa af harðan vetur eins og nú er.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
GETTY

fuglum mjög harður vetur. Það gæti komið upp úr fuglatalningunni í janúar, og garðfuglakönnuninni sem hefst fyrsta vetrardag og endar á sumardaginn fyrsta,“ útskýrir Anna-María.

Þegar skyggja tekur má sjá svört ský á himni sem samanstanda af stórum sem safnast saman í náttstað.

„Starar vilja tryggja sig á náttstað og eru fljótir að láta sig hverfa þegar skýið kemur og sameinast því, jafnvel í miðju áti. Þeir eru hreyfanlegir fuglar sem fara líka mikið í sorpið í Alfsnesi. Þá sitja svartþrestir nú í trjám á Austurvelli og syngja. Söngurinn fylgir fengitímanum og er ansi snemma á ferðinni.“

Anna-María segir krumma líka svangan og marga sem föðri hrafna en þori ekki að segja frá, því í menningu okkar sé undarlegt hatur út í krumma.

„Hrafinn er tur flest og velur úr það sem gefur honum mesta orku og hita; fitu og prótín. Þá eru mávarnir líka hungraðir og aðallega hettumávar á ferð um borgina. Stærri mávar sækja æti í sjóinn eða hjá æðarfuglinum. Þar ríkir hálfger mafiukerfi þar sem einn mávur sér um að vernda einn æðarfuglshóp og fær í staðinn skelfisk og fleira fineri.“

Anna-María segir stóra og þresti sólgna í haframjöl bleytt matarolíu og auðnutittlinga í sólblómafræ.

„Þetta fóður þarf þó að aðskilja því auðnutittlingarnir lúffa fyrir stærri fuglum. Gott er að gefa matarafanga í eigin garði, og epli og rúsinur eru fuglum seldgæti en jafnframt skyndiorka sem er gott að hafa í bland. Hér gæti líka flóðs og fjöru tvisvar á sólarhring og alltaf eitthvað að éta á fjörum. Mesta heppnin er þó að komast í hræ af stórum skepnum eins og hval eða dauðu hrossi. Það kemur mörgum til góða.“ ■



Anna-María Lind Geirsdóttir er skrifstofu- og kynningarstjóri hjá Fuglavernd.

færa hann um tvo til þrjá metra til að fuglarnir setjist að snæðingi. Þeir sitja í trjámum og eru með kerfi. Til dæmis er áberandi að einn stari komi til að kanna aðstæður en fljúgi svo burt til að tilkynna hópnum um fæðufundinn og hundruð stóra komi í kjölfarið. Allir eru fuglarnir með spæjarakerfi og getað plumað sig, þótt eflaust muni einhverjir deyta því þetta er

## Bílar & Farartæki



BMW X5 40e 4/2018 Plug In Hybrid. Ekinn aðeins 44 þús. km. Panorama gler þak og hlaðin lúxus. Glæsikerra á viðráðanlegu verði kr. 7.980.000,-

Sparibill ehf  
Hátún 6A, 105 Reykjavík  
Sími: 577 3344  
www.sparibill.is

## Þjónusta

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bill. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikæls. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Hreingerningar




Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn. is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

## Málarar

### REGNBOGALITIR EHF

Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Löggiltur málarameistari. Löggiltir málarar. Vönduð vinna, vanir menn. www.regnbogalitir.is malarar@simnet.is. Sími 8919890

## Húsviðhald



RÚNAR MÚRARI EHF  
S 774-3800  
HÚSAVIÐGERÐIR  
MÚRVIÐGERÐIR  
STEYPUVIÐGERÐIR  
ENDURHRAUNA  
TRÖPPUVIÐGERÐIR  
MÁLNINGARVINNA  
ÞAKMÁLUN  
FLÍSALAGNIR  
o.m.fl.

40 ára reynsla í utanhússviðhaldi  
Tilboð þér að kostnaðarlausu

https://runarmurari.is/  
runarmurari@gmail.com  
VSK 135377

## FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Timavinna eða tilboð.

Strúctor byggingabjónusta ehf.

S. 893 6994

## Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR.  
S. 663 0746.

Töfluskípti, myndsimar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Keypt & Selt

## Til sölu



Mobility.is

Hjól og hjálpertæki, sala og leiga

## Heilsa

## Heilsuvörur



## Húsnæði

## Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS  
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m<sup>2</sup>. S: 564-6500

GEYMSLUR.IS  
SÍMI 555-3464

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## Sérfræðingar í ráðningum

Ánægðir viðskiptavinir eru okkar besta auglýsing

**FAST** Ráðningar

lind@fastradningar.is  
mjoll@fastradningar.is  
www.fastradningar.is

# RÁÐNINGAR

Árangur fyrirtækja ræðst af þekkingu, getu og reynslu starfsmanna.

Hver einstök ráðning er mikilvæg fjárfesting og er hagur bæði fyrirtækis og viðkomandi einstaklings að vel takist til.

Hafðu samband við okkur og sjáðu hvað við getum gert fyrir þig.



Intellecta er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og viðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavini til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.

Intellecta ehf. Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is

intellecta

## Tilkynningar

## Auglýsing um skipulag Hafnarfjarðarbær

Samþykkt var í bæjarstjórn Hafnarfjarðar 9. febrúar sl. að auglýsa eftirfarandi skipulagsmál:

### Breyting á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025

Breytingin snýr að afmörkun svæðis og legu umferðatenginga. Ásland 4 og 5 norðan Ásvallaþrautar verða Ásland 4.

### Nýtt deiliskipulag fyrir Ásland 4

Á skipulagssvæðinu, sem er 44 ha, er gert ráð fyrir íbúðarbyggð og leikskóla. Alls er um að ræða 542 íbúðir í blandaðri byggð sérþýla og fjölþýla, eins til þriggja hæða.

Tillögurnar verður til sýnis á umhverfis- og skipulagssviði að Norðurhelli 2 og í þjónustuveri Hafnarfjarðarbæjar Strandgötu 6, frá 25.02.22

Einnig er hægt er að skoða skipulagstillögurnar á [hfj.is/skipulag](http://hfj.is/skipulag)

Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingarnar og skal þeim skilað eigi síðar en 08.04.2022 á netfangið [skipulag@hafnarfjordur.is](mailto:skipulag@hafnarfjordur.is) eða skriflega í þjónustuver:

Hafnarfjarðarbær  
bt. umhverfis- og skipulagssvið  
Strandgötu 6  
220 Hafnarfjörður

[hafnarfjordur.is](http://hafnarfjordur.is)



Reykjavíkurborg  
Umhverfis- og skipulagssvið

## Auglýsing um tillögu að nýju deiliskipulagi og tillögur að breyttu deiliskipulagi í Reykjavík

Í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér með auglýst tillaga að nýju deiliskipulagi í Reykjavík.

### KR svæðið - Frostaskjól 2-6

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 9. febrúar 2022 og borgarráðs Reykjavíkur þann 10. febrúar 2022 var samþykkt að auglýsa tillögu að nýju deiliskipulagi fyrir KR svæðið. Í tillögunni felast markmið um að bæta aðstöðu KR til íþróttar og félagsstarfsemi með byggingu íþróttar og þjónustubygginga. Auk þess eru áform um að auka fjölbreytni svæðisins með byggingu íbúða á jöðrum lóðarinnar í samræmi við markmið aðalskipulagsins. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýstar tillögur að breytingu á deiliskipulagi í Reykjavík.

### Háaleitisbraut 1

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 2. febrúar 2022 og borgarráðs Reykjavíkur þann 10. febrúar 2022 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Háaleitisbraut 1. Í breytingunni felst að í stað skrifstofuhúsnæðis í suðaustur hluta lóðarinnar kemur nýtt íbúðarhús með 27 íbúðum. Íbúðir á reitnum verða því samtals 74. Bíla- og hjólastæðakröfur breytast m.t.t. fjölda íbúða og núverandi byggingar, Valhallar, en skilgreiningar per íbúð/fm. helst óbreytt, ásamt því að byggingarmagn eykst óverulega. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Geirsgata 9

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 2. febrúar 2022 og borgarráðs Reykjavíkur þann 10. febrúar 2022 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Slippa- og Ellingsen reits vegna lóðarinnar nr. 9 við Geirsgötu. Í breytingunni felst að skipulagssvæði Vesturbugtar er stækkað þannig að Geirsgata 9 verði hluti af reit 8 á skipulagssvæðinu ásamt því að gert er ráð fyrir nýjum byggingarreit í anda verbúðanna við Geirsgötu 3-7. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Vesturbæjarsundlaug

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 2. febrúar 2022 og borgarráðs Reykjavíkur þann 10. febrúar 2022 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Vesturbæjarlaugar. Í breytingunni felst að lóðarmörk við Einimel 18-26 eru færð út sem nemur 3,1 m og minnkar lóð Vesturbæjarlaugar sem því nemur. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Hlemmur, reitur 1.240, Umferðarskipulag

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 26. janúar 2022 og borgarráðs Reykjavíkur þann 3. febrúar 2022 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hlemmur og nágrenni, deiliskipulag stgr. 1.240, Hlemmur og nágrenni og Hlemmur, umferðarskipulag, sem samþykkt var 19. mars 2020 í borgarráði og tók gildi við birtingu auglýsingar í B deild Stjórnartíðinda þann 7. apríl 2020. Í breytingunni felst að greinargerð deiliskipulagsins er uppfærð í samræmi við þessa breytingartillögu og fyrri breytingu, dags. 25. janúar 2021. Deiliskipulagið er samræmt við nýsamþykkt Aðalskipulag Reykjavíkur 2040. Lóðarmörkum Laugavegs nr. 107 er breytt þannig að lóðin nær eingöngu utan um núverandi hús (Hlemmur mathöll) ásamt byggingarreit A (viðbygging). Premur nýjum lóðum er bætt inn á torgsvæðið, tvær lóðir utan um byggingarreit C og D auk þess að stofnuð er lóð fyrir dreifistöð rafveitu við Þverholt. Byggingarreitir C og D, þar með lóðir þeirra, færðir í sundur. Bætt er við byggingareitum fyrir sorpskýli á borgarlandi og sérskilmálum um nýtingu. Byggingarreitir E fyrir djúpgáma er felldur út. Reitur undir hjólaskýli, H, á norðurhluta Rauðarárstíg stækkaður. Skerpt er á sérskilmálum byggingareita og nú lóða til að endurspeglar frekar tillögu hönnuða Hlemmtorgs. Sérými almenningsgangna og hjólastígum á Hverfisgötu er hliðrað lítillega til að koma lóðum betur fyrir. Breyttir skilmálar fyrir setsvæði og svið. Reitur biðstöðvarsvæðis almenningsgangna breytt í byggingareit og reitur stækkaður til austurs. Bætt er við frekari upplýsingum um stöðu fornleifa á svæðinu. Byggingareit R+H við Þverholt breytt í reit R2 fyrir veitumannvirki og tækniþúnað og ný lóð, Laugavegur nr. 122, stofnuð undir reitinn. Bætt er við byggingareit fyrir almenningsalerni norðan við Hlemm, Laugaveg nr. 107. Bætt er við umfjöllun um samræmi við frumdragaskýrslu Borgarlínu lotu 1. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar má einnig nálgast á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:30 – 16:00 frá 25. febrúar 2022 til og með 8. apríl 2022. Einnig má sjá tillögurnar á vefnum, [www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is), skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið [skipulag@reykjavik.is](mailto:skipulag@reykjavik.is), eigi síðar en 8. apríl 2022. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Reykjavík 25. febrúar 2022  
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, [www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is)

**BÍÓ**  
bærinn

**BÍÓBÆRINN**  
FÖSTUDAGA KL. 20.00  
ENDURSÝNDUR Á  
LAUGARDÖGUM KL. 19.30

HRINGBRAUT

**vinnvinn**

Vinnvinn | Krínglan 7 | 103 Reykjavík  
Sími 552 1212 | [vinnvinn@vinnvinn.is](mailto:vinnvinn@vinnvinn.is) | [www.vinnvinn.is](http://www.vinnvinn.is)

RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF

**NIVEA**

24 TÍMA  
**VIRKNI GEGN  
ÓTÍMABÆRRI ÖLDRUN**

**TVÖFÖLD  
VIRKNI Q10**

SJÁANLEGUR ÁRANGUR Á  
**7 DÖGUM**





**SR30**

**STÓRSVEIT  
REYKJAVÍKUR  
30 ÁRA**



**KRISTJANA STEFÁNS**



**JAMES OLSEN**

# GULLÖLD

## SVEIFLUNNAR


Árvissir og sívinsælir sveiflutónleikar stórsveitarinnar eru sem fyrr helgaðir tímabilinu 1930–50, þegar stórsveitir réðu ríkjum á jörðinni og stjórnendur, söngvarar og einleikarar voru poppstjörnur síns tíma. Gestasöngvar eru **Kristjana Stefánsdóttir** og **James Olsen** frá Færeyjum.

**Stjórnandi & kynni:** Sigurður Flosason

- ▶ **1. APRÍL**
- ▶ **KL. 20.00**
- ▶ **ELDBORG**

**MIDASALA Á HARPA.IS OG TIX.IS**

# Með þér á Bolludaginn...



Bónus rjórabollur  
2 stk

**679**  
kr./pk.



Jarðarberjasulta  
450 g

**239**  
kr./pk.



**219**  
kr./pk.

Cessibon þeytirjómi  
250 ml



Oatly visp hafrarjómi  
250 m

**359**  
kr./pk.



**259**  
kr./kg

Bónus veganbollur  
2 stk



Bónus vatnsdeigsbollur  
10 stk  
250 g

**598**  
kr./pk.



Bónus súkkulaðiglassúr  
250 gr

**349**  
kr./pk.



Bónus karamelluglassúr  
250 g

**398**  
kr./pk.



Belgískar gulrætur  
1 kg

**498**  
kr./pk.

# BÓNUS





**359**  
kr./kg

**KJARNAFÆÐI** Saltaðar lambasiður



**595**  
kr./kg

**KJARNAFÆÐI** Blandað saltkjöt



**2.179**  
kr./kg

**KJARNAFÆÐI** Valið saltkjöt



**1.198**  
kr./kg

**SS** Blandað saltkjöt



**2.179**  
kr./pk.

**SS** Valið saltkjöt



**698**  
kr./pk.

Danskt beikon  
375 g

**579**  
kr./pk.



Beikonteningar  
500 gr

**1.298**  
kr./kg



**ISLANDS LAMB** Saltskert blandað saltkjöt

**1.698**  
kr./pk.



Bónus súpá saltkjöt og baunir  
1 kg

**159**  
kr./pk.



Heima gular baunir  
500 g

**169**  
kr./kg



Hollenskt hvítkál

**269**  
kr./kg



Rófur

**...og Sprengidaginn**

## Ástin og dauðinn

kolbrunb@frettabladid.is

Þriðjudaginn 1. mars klukkan 12 mun Hanna Þóra Guðbrandsdóttir sópran koma fram á hádegistónleikum ásamt Antoníu Hevesi píanóleikara. Á tónleikunum, sem bera yfirskriftina Ástin og dauðinn, verða meðal annars fluttar aríur eftir ítölsku tónskáldin Puccini og Verdi.



Hanna Þóra Guðbrandsdóttir

Tónleikarnir hefjast klukkan 12 og standa yfir í um hálf klukkustund. Aðgangur er ókeypis. ■



Dansað verður í Smáralind.

## Dans í Smáralind

kolbrunb@frettabladid.is

Verkið Mall, dansgjörningur með lifandi tónlistarflutningi eftir Sögu Sigurðardóttur með danshópnum Forward, verður sýnt í Smáralind á morgun, laugardaginn 26. febrúar, og er hluti af dagskrá Daga ljóðsins í Kópavogi.

Verkið hefur verið sýnt í Mjódd og á Danse Festival Barents í Hammarfest 2019. Forward with dance er danshópur fyrir dansara á aldrinum 18-25 ára, sem hafa góðan grunn í dansi, hafa lokið framhaldsbraut í listdans og/eða hafa áhuga á að þróa sig sem danslistamenn. ■



Verk eftir Tuma Magnússon.

## Útsala á listaverkum

kolbrunb@frettabladid.is

Í næstu viku, föstudaginn 4. mars, klukkan 17-20 verður útsala opnuð í sýningarými Open að Grandagarði 27. Sýningin markar einnig fjögurra ára afmæli rýmisins.

Yfir 500 verk frá 100 listamönnum verða sýnd í Útsölu! Útsölu! Útsölu! Verkin sjálf verða reyndar ekki til sýnis, einungis útprentaðar myndir af þeim sem verða hengdar upp á vegg. Verkin eru í öllum mögulegum miðlum: Málverk, ljósmyndir, vídeó, skúlptúr o.s.frv. Sumir listamenn hafa kosið að sýna eldri listaverk á meðan aðrir hafa framleitt ný sérstaklega fyrir þessa sýningu.

Opna hefur boðið þessum stóra hópi listafólks að selja verk á afslætti og stendur útsalan yfir helgina 4.-6. mars. Öll verkin á sýningunni eru seld á góðum afslætti, en rýminu verður skipt upp í fjóra afsláttarflokka: 25%, 50%, 75% og 2 fyrir 1.

Kaup og afhending verkanna fer fram milli kaupanda og listamanns. ■

# Býður upp á óvenjulega tónleika



Kolbrún Bergþórsdóttir kolbrunb@frettabladid.is

Af sögu og söng, drápsmanni og dansi, er yfirskrift tónleika í Salnum sunnudaginn 27. febrúar klukkan 17.00.

Dagskráin er afar fjölbreytt. Kolbeinn Jón Ketilsson tenór syngur lög eftir Sigvalda Kaldalóns og Edvard Grieg, flutt verða tvö stutt dansverk eftir Guðna Franzson og dansari verður á sviðinu. Auk þess verður sagt frá sögulegum morðingja.

Kolbeinn Jón Ketilsson býr í Noregi. Hann hefur sungið mörg stærstu tenórhlutverk óperubókmenntanna, komið fram í óperum á öllum Norðurlöndunum, í Norður-Ameríku og víðs vegar um Evrópu og starfað með mörgum þekktustu hljómsveitarstjórum heims. Einnig hefur hann unnið með leikstjórum á borð við Jonathan Miller og Carlos Saura. Auk þess að syngja í óperum kemur Kolbeinn einnig reglulega fram á tónleikum sem ljóðasöngvari og einsöngvari í hljómsveitarverkum.

### Dans á sviði

Um hugmyndina að þessum óhefðbundnu tónleikum segir hann: „Mig langaði til að gera eitthvað öðruvísi og bjóða upp á fjölbreytni á tónleikum. Dagskráin tengist Íslandi og Noregi. Ég syng lög eftir Sigvalda Kaldalóns og Edvard Grieg við undirleik norska píanóleikarans Thormod Rønning Kvam. Þýðingar Reynis Axelssonar á ljóðum Grieg-söngvanna verðar lesnar áður en lögin eru sungin.

Þarna verða einnig frumflutt tvö stutt dansverk eftir Láru Stefánsdóttur við tónlist eftir Guðna Franzson. Fyrri dansinn heitir Yfir hafið og þar getum við ímyndað okkur Ingólf Arnarson og Hjörleif fara yfir hafið með allt sitt lið. Seinni dansinn nefnist Nýtt líf og túlkar nýtt líf í nýju landi, þegar landnámsmennirnir byrja að koma sér fyrir. Marinó Máni Mabazza er dansari í báðum verkunum.“

### Merkilegur maður

Sagnaritarinn Þormóður Torfason (1636-1719) fær sérstaka umfjöllun á tónleikunum. Hann bjó mestan hluta ævi sinnar í Noregi, þýddi fornsögur og skrifaði mikið rit um sögu Noregs. „Ævi hans var viðburðarík, hann varð mannsbani, dæmdur til lífláts en var síðan sýknaður. Á tónleikunum bregður Pétur Eggerz sér í hlutverk þessa merkilega manns. Auk þess verður skotið inn örstuttum sögubrotum úr sameiginlegri sögu Íslands og Noregs fyrstu aldirnar eftir landnám,“ segir Kolbeinn Jón.

Hann segist hafa fundið fyrir



Kolbeinn segist hafa fundið fyrir miklum áhuga á verkefninu.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
SIGTRYGGUR ARI



Marinó Máni Mabazza dansar í tveimur dansverkum.

MYND/ADSEND



Mig langaði til að gera eitthvað öðruvísi og bjóða upp á fjölbreytni á tónleikum.

miklum áhuga á verkefninu. „Alls staðar þar sem ég hef kynnt það hefur því verið tekið af miklum áhuga.“

Dagskráin verður einnig flutt í Hofi á Akureyri og í Edinborgarhúsinu á Ísafirði og einnig í Osló og Drammen í mars. ■

## Elísabet og Steinar Bragi fulltrúar Íslands

kolbrunb@frettabladid.is

Elísabet Jökulsdóttir og Steinar Bragi eru tilnefnd til Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs 2022 fyrir Íslands hönd. Hún fyrir skáldsöguna Aprílsólarkuldi og hann fyrir skáldsöguna Truflunin. Verðlaunin verða afhent 1. nóvember í Helsinki.

Um bók Elísabetar Aprílsólarkulda segir meðal annars í rökstuðningi dómnefndar: „Elísabet fjallar á tilfinninganæman og ljóðrænan hátt um vandmeðfarið efni og gæðir efnivið sinn töfrum sem lætur engan ósnortinn.“ Um skáldsögu Steinars Braga Truflunina segir dómnefnd meðal annars: „Spurningarnar sem vakna við lestur þessarar bókar eru viðamiklar meginspurningar, meðal annars um vísindasiðgæðið og nútímann.“ ■




Elísabet Jökulsdóttir ásamt barnabarni sínu tekur við viðurkenningunni. Sigprúður Gunnarsdóttir hjá Forlaginu var fulltrúi Steinars Braga.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
ANTON BRINK



1490.-



1490.-



2590.-

**OPÍÐ KL. 10 - 21 ÖLL KVÖLD**

# BÓKA

## MARKAÐURINN

### Laugardalsvelli

24. FEBRÚAR - 13. MARS


ÓTRÚLEGT ÚRVAL · ÞÚSUNDIR TITLA



990.-




3999.-




1490.-



1499.-



990.-



4999.-



2499.-



2490.-



Þorsteinn Eggertsson textasmiður.

# Þrjú tonn af textagullsandi

Þorsteinn Eggertsson, eitt-hvert ástsælasta og afkastamesta söngtextaskáld landsins, fagnar 80 ára afmæli sínu í dag. Eftir hann liggja óteljandi dægurlagatextar sem öðlast hafa eilíft líf með þjóðarsálinni. Bragi Valdimar Skúlason, stallbróðir hans af yngri kynslóðinni, fer ekki leynt með aðdáun sína á brautryðjandnum og þótt hann slái hvergi af gangi hægt að saxa á forseta öldungadeildarinnar.

odduraevar@frettabladid.is  
toti@frettabladid.is

„Ég er enn að reyna að ná í skottið á honum,“ segir textahöfundurinn Bragi Valdimar Skúlason um þá botnlausu uppsprettu grípandi dægurlagatexta sem afmælisbarn dagsins, Þorsteinn Eggertsson, hefur verið í gegnum áratugi í sögu lands og þjóðar.

„Ég er eitthvað búinn að saxa á hann. Ætli ég sé ekki kominn upp í kringum fjögur hundruð núna,“ segir Bragi Valdimar tólf árum eftir að þeir kollegarnir mættu saman í viðtal við Fréttablaðið en þá taldist Braga til að Þorsteinn ætti um sjö hundruð texta en sjálfur væri hann „einungis“ kominn upp í um tvö hundruð.

„Þorsteinn náttúrulega dældi þessu út,“ heldur Bragi Valdimar áfram og dregur hvergi dul á aðdáun sína á Þorsteini þegar hann er spurður út í áhrif hins dægurlagameistarans.

## Aldrei stífur

„Þetta er bara svo brílljant. Hann kemur þarna í rokkinu og fer að yrkja og búa til dægurlagatexta. Ég held hann hafi einhvern tímann sagt að það sé markmið hjá honum að vera ekki stífur,“ segir Bragi um stíl Þorsteins. „Stuðlar, höfuðstafir. Þorsteinn kann þetta allt. Hann leikur sér að þessu og flæðið skiptir svo miklu. Bara hljómurinn í orðunum er eitthvað sem maður hefur tekið svolitíð frá honum.“

Bragi rifjar síðan upp texta Þorsteins úr Harðsnúnu Hönnu, lagi De lónlí blú bojs. „Þegar þú ert mér nærri fæ ég nýrnakast.“ Þessi lína, þetta er bara geggjað. Og nánast ómögulegt að syngja þetta.“

Bragi Valdimar segir engu máli skipta um hvað Þorsteinn semur, snilldin sé sú sama. „Hvort sem það er alvarlegt eða um alheiminn eða bara einmitt Búdardalinn. Það er bara verið að leika sér og þetta eig-



Þorsteinn og Bragi báru saman textabækur sínar 2010. Þá var staðan um það bil 700:200. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Heiða Ólafsdóttir og Matthias Matthiasson verða með Þorsteini á afmælistónleikumum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

Þorsteinn og eiginkona hans, Fjóra Ólafsdóttir, á æfingu fyrir afmælistónleikana sem verða í Salnum í Kópavogi í kvöld.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
SIGTRYGGUR

## Áttatíu ára saga

- 1942** Fæddist 25. febrúar, eina mestu óveðursnótt ársins, á grænum divan í húsi afa síns og ömmu í Keflavík.
- 1952** Samdi fyrsta ljóðið sitt með stuðlum, höfuðstófum og endarími.
- 1954** Seldi fyrsta málverkið sitt og fékk sérsaumaðan frakka fyrir það.
- 1957** Söng opinberlega í fyrsta sinn og samdi sjálfur texta við lögin sem hann flutti.
- 1958** Flutti í nýtt herbergi á Héraðsskólanum á Laugarvatni og varð herbergisfélagi Ingimars Eydal.
- 1960** Valinn í dægurlagasöngvara-keppni K.K. sextettsins. Vann keppnina og varð fastráðinn söngvari með hljómsveitinni í hálf tón.
- 1961** Stofnaði hljómsveitina Beatniks ásamt kunningjum úr Keflavík og Hafnarfirði.
- 1964** Gerðist fréttaritari Alþýðublaðsins í Kaupmannahöfn og tók viðtal við The Beatles í júní.
- 1965** Tók viðtal við The Rolling Stones í apríl. Samdi sinn fyrsta dægurlagatexta sem kom út á plötu, lagið Ást í meinum, fyrir Savanna-tríóð.
- 1968** Valinn textahöfundur ársins af gagnrýnendum dagblaðanna.
- 1973** Skrifaði undir samning sem söngtextahöfundur fyrir Orange Records í London.
- 1975** Vinsælasti söngtexti Þorsteins fyrr og síðar, kom út, Heim í Búdardal, og var á Topp 10 listanum í 84 vikur.
- 1989** Skrifaði og setti upp þrjár sýningar fyrir Broadway og Hótel Ísland.
- 1994** Þýddi söngtexta fyrir kvikmyndina Aladdin.
- 1995** Flutti til Dublin.
- 1996** Leigði stúdíó í Dublin og málaði þar myndir daglega.
- 1999** Sýndi teikningar sínar á alþjóðlegri listahátíð í Ankara, Tyrklandi. ■

inlega bara rennur upp úr honum þarna á tímabili, sama hvað það er.“

## Þrjú tonn affjöri

Bragi Valdimar víkur að tröllauknu höfundarverkinu sem inniheldur ekki aðeins frumsamin lög. „Katalógurinn er svakalegur. Það er líka þessi kúnst sem hann svona byrjaði með, eins og til að mynda þrjú tonn af sandi, þar sem hann er með svona hljóðlíkingar. Bara þannig að þetta hljómaði nú þokkalega á ballinu en væri með íslenskum texta. „Return to sender“ verður að „Þrjú tonn af sandi“ – engin merking þarna en þetta er bara fjör,“ segir Bragi Valdimar og veltir fyrir sér hvort það sé kannski eðli góðs dægurlagatexta að hann festist í höfði áheyrenda.

Bragi Valdimar segir Þorstein hafa ýmislegt mjög gott á samviskunni hvað áhrif hans á sína kynslóð varðar. „Ég held hann hafi bara haft áhrif á mína kynslóð og þetta

einhvern veginn var bara það sem maður hlustaði á. Auðvitað síast það inn.

Maður var ekkert að spá í hver var að gera textann eða hvernig hann var gerður. En þú veist, bara það að hann er svolitill talmálskall. Aldrei uppskrúfað eða einhvern veginn fyrir ofan mann.“

## Náttúrutöfari

Með stríðsfréttir frá Úkraínu í bakgrunninum segist Bragi Valdimar hafa verið að lesa texta lagsins Söngur um lífið sem þeir Rúnar Júlíusson og Páll Óskar hafa gert góð skil. „Þetta er bara svo flott sýn á heiminn. Endalaus svartýni og stríð og vesen og þá vill hann bara syngja um björtu hliðarnar. Og svo náttúrulega þetta geggjaða: „Ef þú vilt fá skammt af ánægju, gleði og hamingju og von þá ættirðu að hlusta á texta eftir hann Þorstein Eggertsson.“



„Þegar þú ert mér nærri fæ ég nýrnakast.“ Þessi lína, þetta er bara geggjað.

Gott að koma bara sjálfum sér að í þetta. Er það ekki eina leiðin fyrir textahöfundinn til að koma sér á framfæri, að skella nafninu sínu í textann?“ spyr Bragi Valdimar.

„Svo er þetta bara svo góður kall sko. Hann er svona náttúrutöfari. Hann og Rúni, það er bara allt töff við hann. Svona eilífðar, ég veit ekki hvort eigi að kalla hann hippa eða bitnik.“ ■

## Allt milli himins og jarðar í fjólubláu ljósi

toti@frettabladid.is

Líklega eiga flestir sér einhvern uppáhaldstexta eftir Þorstein Eggertsson og þá jafnvel án þess að hafa hugmynd um hver höfundurinn sé. Slikur er fjöldinn, úrvalið og breiddin í höfundarverki hans.

Sjálfur sagðist Þorsteinn, í viðtali við Fréttablaðið á 70 ára afmælisdegi sínum, ekki eiga neinn sérstakan eftirlætistexta eftir sjálfan sig. „Þetta er allt komið í sama pottinn,“ sagði textahöfundur Íslands fyrir tíu árum.

„Ég yrki mest um hamingjuna og leitina að henni,“ sagði hann við sama tækifæri og benti á að kveðskapur sem falli algerlega inn í samtímann eldist oft verr en sá sem fjallar um sígild efni.

Bragi Valdimar lendir einnig í vandræðum þegar hann er spurður

hvort hann geti nefnt uppáhaldstexta sína eftir Þorstein. „Sko, ég veit ekki, þeir eru svo ólíkir.“ Hann nefnir síðan Einn dans við mig, sem Hemmi Gunn söng á sínum tíma og Frikki Dór hefur dustað rykið af.

„Þetta er ekki merkilegur texti þannig, en hann er alveg geggjaður. Þú veist: „Ég drakk og drakk, fór á flakk, það kostar það að koma sér í stuð.“ Þetta er svo einfalt og mikið popp,“ segir Bragi Valdimar.

„Svo er bara Himinn og jörð og alls konar flottir svona stærri textar,“ heldur Bragi Valdimar áfram og minnir á að svo sé fullt af jóladóti. „Aðfangadagskvöld, fyrsta aðfangadagskvöld. Bara að koma því orði, að-fanga-dags-kvöld, að þannig allir gauli með. Þetta er alveg kúnst.“

Og Fjólublátt ljós við barinn. Þetta er endalaust. „Gefðu mér séns,



Þorsteinn varð heiðursfélagi FTT í nóvember 2013 og að hátíðlegri athöfn lokinni var þeim Fjólu ekið til Bessastaða. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

mig langar í glens,“ þú veist þetta er svo mikil tyggjókúla og þetta er svo vel gert, sko. Því það er alveg kúnst að gera þetta vel. „Komið með, ég spara ekki féð.“ Þú ert ekki að fara að lesa þetta innan um einhver hátimbruð ljóð eftir Einar Ben sko, en mér finnst þetta alveg eiga heima þar.“

Þá bendir Bragi Valdimar á að dægurmenningin sé svo mikill gluggi inn í stemningu og lífið eins og það var og nefnir Verbuðina sem nærtækt dæmi um hvernig nostalgian flæði.

„Hann er bara ein stór nostalgia og hann les einhvern veginn samfélagið á hverjum tíma.“ Bragi Valdimar minnir síðan á að Þorstein hafi verið „náttúrulega algjörlega í banastuði“ á áttunda áratugnum. „Þá rann þetta út. Haaa! Ég þarf bara að henda í fyrirlestur um kallinn.“ ■

ÆVINTÝRALEG TEIKNIMYND FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA



ÍSLENSKTTAL

# Hannahéirinn og Myrkráhamsturinn

KOMIN Í BÍÓ

LAUGARÁS  BÍÓ

SMÁRA  BÍÓ

HÁSKÓLA  BÍÓ

BORGAR  BÍÓ

BARA LÚXUS

## Allra best



## Myndlist

## Birgir Andrésson: Eins langt og augað eygir. Kjarvalsstaðir

Við hér á Fréttablaðinu eigum við vart orð yfir hrifningu okkar á sýningu á verkum Birgis Andrés-sonar á Kjarvalsstöðum. Árið er rétt að hefjast en við veðjum samt á að þetta sé myndlistarsýning ársins. Sýningin, sem ber titilinn Eins langt og augað eygir, nær yfir svo að segja allt húsið og er einstaklega skemmtilega upp sett. Verk Birgis einkennast af hómur og hugmyndaríki og næmri tilfinningu fyrir því óvenjulega. Sýningin stendur fram í maí og þið megið alls ekki missa af henni. ■



## Bækur

## Bókamarkaður Félags íslenskra bókaútfenda í Laugardal

Hinn árlegi Bókamarkaður er hafinn. Þar eru bækur fyrir alla þannig að enginn sem gengur inn á að fara erindisleysu. Við mælum með að fjölskyldan fari saman og gert verði sérlega vel við börnin og þeim leyft að fara heim með fangið fullt af bókum. Þau munu minnst þessar heimsóknar með mikilli gleði. Gleymum því ekki að það er góft verk að leggja sitt af mörkum til að gera börn að bókasöfnunum og áhugasömum lesendum. Bókamarkaðurinn stendur til 13. mars og opið er frá klukkan 10 til 21 alla daga. ■

Bragi Þorgrímur Ólafsson ver í dag doktorsritgerð sína þar sem hann rýnir í bréfaskriftir frelsishejunnar Jóns Sigurðssonar, sem varpa ljósi á nokkuð umdeilda handritasöfnun sem sumum þótti óþjóðleg.

ninarichter@frettabladid.is

„Ritgerðin fjallar um handritasöfnun á Íslandi á 19. öld, og þá aðallega út frá Jóni Sigurðssyni. Hann var svolítið mikill handritasafnari. Sú hlið hefur ekki verið áberandi í umfjöllun um hans ævi og störf,“ segir Bragi Þorgrímur Ólafsson um doktorsritgerð sína „Í útlendra höndum. Jón Sigurðsson og handritasöfnun á Íslandi 1840-1880.“

„Þegar ég fór að skoða þessa sögu og bréfasöfn og annað, þá kom í ljós að út af því að Jón Sigurðsson bjó lengst af í Kaupmannahöfn fékk hann mörg handrit send til sín,“ segir Bragi Þorgrímur, sem ver ritgerðina í dag, og bætir við að Jón sé talinn mesti handritasafnari eftir sjálfum Árna Magnússyni.

## Töluvert magn handrita

Handritin voru samtals um 2.000 talsins og því um töluvert magn að ræða. Handritin voru send beint til Jóns, til vörslu í eigin safni, en Jón var einnig forseti Hins íslenska bókmenntafélags sem safnaði handritum undir hans stjórn.

„Þegar ég fór að skoða þessa sögu nánar, og bréfin sem Jóni bárust, kom í ljós að það voru margir mjög ósáttir við þetta,“ segir Bragi Þorgrímur. „Margir höfðu orð á því að þeim myndi beinlínis óþjóðlegt að senda handrit úr landi.“

## Ósætti í Danmörku

Að sögn Braga Þorgríms svaraði Jón fyrir sig með því að handritin væru þrátt fyrir það í eigu Íslendinga og í íslensku umsjón. „Jón Árnason þjóðsagnasafnari beinlínis velti því upp: Hvað gerist þegar Jón deyr, hvað verður um þessi handrit? Fara þau bara á uppboð og dreifast um Danmörku, munu Danir taka yfir Bókmenntafélagið og safnið, og svo framvegis?“ segir Bragi Þorgrímur og bætir við að þessar deilur séu helsta viðfangsefni ritgerðarinnar.

„Jón Sigurðsson sagði að aðstæður til að rannsaka og gefa út íslensku handritin væru miklu betri í Kaupmannahöfn heldur en á Íslandi. Það voru margir alveg sammála því, fræðasamfélagið á Íslandi var afskaplega lítið,“ útskýrir Bragi Þorgrímur.

„En þá sögðu aðrir: Er ekki miklu betra að efla bara fræðasamfélagið sem er á Íslandi og reyna að hlúa að



Rannsóknir Braga Þorgríms Ólafssonar, doktorssefnis, benda til þess að Íslendingum hafi verið heitt í hamsi þegar kom að vörslu handrita í Danmörku á níttjándu öld.


FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Umdeild handrit Jóns Sigurðssonar

Því frekar en að senda handritin út?“ Þannig hafi mörg ólík sjónarmið verið á ferðinni. Bragi Þorgrímur segir niðurstöðu rannsóknanna helst felast í því að þetta hafi verið umdeilanlegt mál á sínum tíma og það hafi verið upphitun fyrir handritamálið á 20. öld.

## Sterkar tilfinningar

Bragi Þorgrímur er með BA-próf í sagnfræði frá Háskóla Íslands og MA-próf í opinberri stjórnsýslu og stefnumótun frá sama skóla. Hann starfar sem fagstjóri handritasafns við Landsbókasafnið í Þjóðarbókhöfðunni. „Þar á meðal er handritasafn Jóns varðveitt. Upphaflega ætlaði ég að skoða sögu fólksins sem



Jón Sigurðsson.

átti handritin áður en Jón eignaðist þau. Kanna alþýðufólkið, handritin sem það átti og hvaða gildi þau höfðu fyrir það,“ svarar Bragi Þorgrímur, aðspurður um efnisvalið.

## Unnusti í gullgreftri í Kaliforníu

„Bréfasafn Jóns er rosalega stórt og fólk úr öllum þjóðfélagsþópum sem sendi Jóni Sigurðssyni bréf.“ Bragi Þorgrímur segir Íslendinga oft hafa beðið Jón og Ingibjörgu, konu hans, um aðstoð við stúss og útréttingar í Kaupmannahöfn og hafi oft látið handrit fylgja sendingunni til að liðka fyrir. Sum bréf stóðu þó meira upp úr en önnur.

„En ég hef séð bréf frá konu þar sem hún er að biðja Jón um að hafa uppi á unnusta sínum sem hún kynntist á Íslandi, en hún hafði frétt að hann hefði siglt og stungið hana af og væri að grafa eftir gulli í Kaliforníu,“ segir Bragi Þorgrímur. „Þabbi hennar sendi Jóni Sigurðssyni líka bréf og óttaðist að hún

myndi stökkva um borð í næsta skip og sagði bara: Geturðu plís komið fyrir hana vitinu, og svo framvegis.“ Bragi Þorgrímur segir fjölda örlagasagna af þessum toga felast í bréfunum, þar sem alþýðufolk sé að biðja Jón um greiða af ýmsu tagi.

## Jarðbundinn fræðasinni

Aðspurður hvort sýn hans á Jón hafi breyst í gegnum rannsóknirnar svarar Bragi Þorgrímur: „Maður sér bara hvað hann var ofboðslega jarðbundinn og fræðilega sinn- aður. Hann notaði handritin ekki í þjóðernislegum áróðursstíl eins og hefði verið svo auðvelt,“ segir hann. „Hann leit bara á handritin sem vísindaleg gögn sem þyrfti að rannsaka og gefa út. Á meðan aðrir sem voru svona rómantískari vildu hafa handritin á Íslandi og þess háttar.“

Bragi Þorgrímur minnir þó á að hér sé ekki um að ræða frægu miðaldahandritin sem eru í Árnasafni, heldur handrit sem send hafi verið úr landi á níttjándu öld. Hann segir þekktasta handritið í safni Jóns Sigurðssonar, sem jafnframt er talið einn merkasti dýrgripur Landsbókasafnsins, vera eiginhandrit Hallgríms Péturssonar að Passiusálmunum. „Það er bara til eitt annað handrit sem Hallgrímur skrifaði sjálfur og það er varðveitt í Bretlandi,“ segir hann.

„Sumir gangast upp í því að fella Jón af stalli við alls konar tilefni. En það sést að hann var kannski umdeildari en margir halda,“ segir Bragi Þorgrímur, sem frá og með deginum í dag er doktor í sagnfræði. ■

## FERMINGARBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS

Veglegt sérblað Fréttablaðsins um ferminguna kemur út föstudaginn 11. mars.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.

Áhugasamir auglýsendur hafi samband við:

Jón Ívar Vilhelmsson  
Sími 550 5654  
jonivar@frettabladid.is

Arnar Magnússon  
Sími 550 5652  
arnarm@frettabladid.is

Jóhann Waage  
Sími: 550-5656  
johannwaage@frettabladid.is

Ruth Bergsdóttir  
Sími 694 4103  
ruth@frettabladid.is



FRÉTTABLAÐIÐ SÉRBLÖÐ



NÚ AÐEINS Í APPI OG Á DOMINOS.IS

ALLAR PIZZUR AF MATSEÐLI, EF ÞÚ SÆKIR



### Bakþankar

Svanborgar  
Sigmarsdóttur



### Venjulegt líf

Í morgun opnuðum við augun og allt var venjulegt að nýju. Frelsið birtist okkur í reglugerðarbreytingu. Takmarkanir, lokanir, grímuskýlda, tveir metrar í næsta mann. Allt er þetta búið. Í bili, að minnsta kosti. Núna þegar við verðum veik, þá dílum við bara við þetta eins og hverja aðra flensu. Það þekkjum við. Og munum vonandi enn að þrátt fyrir að ekki sé fyrirskipað um einangrun, þá er það aldrei gott eða hreystimerki að mæta veik í vinnuna.

Í gærmorgun opnaði fólk í Úkraínu augun og ekkert var venjulegt. Það sem íbúar höfðu margir óttast svo lengi hafði raungerst. Innrás Rússa. Skriðdrekar sem rúlla yfir landamæri. Sprengingar. Stríð. Hótanir um að innlima alla Úkraínu. Hótanir um að Úkraína eigi sér ekki tilverur. Ógn sem hefur verið yfirvofandi í mörg ár.

Texti sigurlags Úkraínu í Eurovision frá 2016 hefur trúlega sjaldan átt betur við:

Hvar er hjarta þitt? / Mannkyn rís / Þið haldið að þið séuð guðir / en við deyjum öll / ekki gleypa sálu mína / sálu okkar.

Bareigendur og lögregla gera ráð fyrir þjóðhátidarstemningu í miðborginni í kvöld, af fólki sem fagnar frelsinu. Það verður öðruvísi stemning í Kænugarði. Íbúar Úkraínu hafa viljað fjarlægjast Rússland og halla sér frekar að lýðræði. Vilja samstarf við Evrópusambandið og NATO. En það má víst ekki. Ekki í þetta miklu nágrenni við Rússland. En þaðan mun stuðningurinn við Úkraínu koma, til að reyna að koma í veg fyrir að Úkraína verði gleypt.

Stríð í Úkraínu kemur okkur við. Evrópa kemur okkur við. Fólkið í Úkraínu kemur okkur við. Gleymum því ekki í okkar fögnuði yfir frelsinu frá Covid-takmörkunum að fátt skerðir frelsi jafn mikið og stríð. ■

**HRAUNHAMAR**  
FASTEIGNASALA

BÆJARHRAUN 10 - HAFNARFIRÐI  
SÍMI: 520-7500 - FASTEIGNASALA SÍÐAN 1983

**NÝBYGGINGAR Í HAFNARFIRÐI**  
FJÖLDI EIGNA AÐ KOMA Í SÖLU Í SKARÐSHLÍÐ OG HAMRANESI

**Serta**  
5 STAR COLLECTION

**Betra BAK**  
**Hilton**  
REYKJAVÍK NORDICA

**15%**  
AFSLÁTTUR + NÓTT Á HILTON

**FIMM STJÖRNU LÚXUS HÓTEL RÚM - HEIM TIL ÞÍN -**

Fimm stjörnu Hótel-rúmalínan frá Serta er nú á tilboðsverði í Betra Baki auk þess sem nótt á Hilton Reykjavík Nordica ásamt morgunverði fyrir tvo og aðgangi að Hilton Reykjavík Spa fylgir kaupum á Serta 5 stjörnu hótelrúmi.

**CLASSICO, YORK OG LIGNE** eru með Serta Splendid Royal heilsudýnu frá Serta sem er pokagormadýna skipt upp í fimm mismunandi svæði. Gormakerfið er með þéttari stuðning við bak og mjaðmasvæði en mýkri við axlir. Hægt er að velja um tvo stífleika allt eftir því hvað hentar hverjum og einum. Yfirdýnan er millistíf heilsudýna sem vinnur á einstakan hátt með fjöðrunarkerfinu á dýnunni.

**MAGNIFIQUE** rúmið er með Serta Royalty Superior heilsudýnu sem sker sig frá Splendid Royal m.a. með því að vera með tvískiptu gormakerfi og aukinni kantstyrkingu.

Áklæðið á rúmunum er slitsterkt bómullaráklæði, ofnæmisfrítt og andar einstaklega vel. Það er fánlegt í nokkrum litum sem eru mismunandi eftir rúmgerðum. Hægt er að fá náttborð og bekk í stíl við rúmið, hvort tveggja er selt sér.



Classico 160 x 200 cm (Botn, fætur, dýna, yfirdýna og gafl)  
Fullt verð: 349.900 kr.



Ocean Splendid stillanlegt 160 x 200 cm (Botn, fætur, dýna, yfirdýna og Ocean gafl)  
Fullt verð: 649.900 kr.

Tilboð: 297.415 kr

Fullt verð: 552.415 kr

CLASSICO

YORK

LIGNE

MAGNIFIQUE



#### NÓTT FYRIR TVO Á HILTON

Nú fylgir nótt fyrir tvo á Hilton, ásamt morgunverði og aðgangi að Spa, kaupum á Serta 5 stjörnu hótelrúmi.

Verðmæti: 38.900 kr.



**Hilton**  
REYKJAVÍK NORDICA

FAXAFENI 5  
Reykjavík  
588 8477

DALSBRAUT 1  
Akureyri  
588 1100

SKEIDI 1  
Ísafirði  
456 4566

AFGREIÐSLUTÍMI  
Mán.-fös. 11-18 | Lau. 11-16  
www.betrabak.is

**Betra**  
**BAK**